



kjarninn

31. útgáfa – 20. mars – vika 12

SKATTFÉ Í HÓTEL SÖGU

+ Urðun pappírs
kostar SORPU
um 50 milljónir
á ári

+ Hrafn Jónsson
er ekki lengur
á líkamlegum
hátindi

+ Viðskiptavild
Skipta lækkaði
um 33 milljarða
frá 2008





TOPP FIMM

Útvarpsstjóri vill flytja RÚV í hentugra húsnæði.
Kjarninn fer yfir hvað gæti komið í staðinn.



FLUGSAMGÖNGUR

Hvað varð um flugvél
Malaysia Airlines?



VIÐTAL

Svavar Knútur segir
það vera heftandi að
vera félagsfélinn

**Bergsteinn býr sig
undir að ferma son**

Umsjónarmaður Morgunútvarps
Rásar 2 svarar sjö spurningum.

**Íslenskur styrkur bjó
til s-afríska kvikmynd**

Jahmil X.T. Quebeka gerði Of
Good Report með peningum úr
Kvikmyndasjóði Íslands.

**Kraftaverkin sem
virka ekki**

Töfralausnir til að leysa vandamál
bílstjóra falla ekki í frjóan jarðveg
hjá bílaframleiðendum.

**Þrír hópar endurspegla
afstöðu til ESB**

Árni Helgason skrifar um hópa-
skiptingu þjóðarinnar í afstöðu
hennar til ESB-spurningarinnar.

SAMSUNG

Samsung Galaxy Tab 3

8" skjár, 4G, WiFi, 16GB



Fyrsti
mánuður
á **0 kr.** hjá
Nova!

4G
LTE

Nova kynningarverð

64.990 kr. stgr.

3.990 kr. /18 mán.

Fullt verð: 79.990 kr.

Kaupa

Sæktu Kjarnann á Google Play og fáðu fréttirnar
beint í farsímann eða spjaldtölvuna.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Lesist á eigin ábyrgð

Ægir Þór Eysteinnsson viðrar áhyggjur sínar af ýmsu

Kæri lesandi. Um leið og ég vil þakka þér innilega fyrir að lesa Kjarnann tel ég rétt áður en lengra er haldið að vara þig eindregið við því að lesa þennan leiðara. Hann verður ekki hressandi lesning og gæti haft neikvæð áhrif á þig, jafnvel eyðilagt fyrir þér daginn. Mundu bara að ég varaði þig við.

Það er óvenju margt á Íslandi þessi dægrin sem gefur ástæðu til að staldra við og velta vöngum yfir. Til að mynda er stefna stjórnvalda í utanríkismálum eitt allsherjar djók. Stjórnvöld ætla meðvitað að svíkja loforð með því að hafa vit fyrir okkur, og forða okkur frá ljótu köllunum í Brussel sem vilja ekkert meir en að taka af okkur fiskinn og svipta okkur sjálfstæði. Forsetinn okkar rekur svo sína eigin utanríkisstefnu og smjaðrar fyrir Kínverjum og Rússum við öll möguleg tækifæri.

Hann var til að mynda varla fyrr búinn að taka í hendina á Pútín í Sotsí en rússneski einræðisherrann notaði sömu

hendina til að taka um kverkarnar á úkraínsku þjóðinni. Svo varð forsetinn okkar pirraður og skammaði fulltrúa Noregs á fundi um málefni norðurslóða, eftir að fulltrúinn dirfðist að gagnrýna Rússa fyrir framgöngu þeirra á Krímskaganum. Utanríkisstefnan okkar virðist einkennast af frekari sækni í einangrun frekar en aukið alþjóðlegt samstarf.

Þá furða ég mig á því hvað umræðan um Evrópu-sambandið hefur lítið snúst um það hvaða áhrif möguleg innganga í sambandið hafi fyrir hinn almenna borgara.

Hún virðist snúast nær alfarið um hræðslu-áróður og hagsmuni útgerðarinnar en ekki hvort matarverð lækki, já eða verðbólgan og vextirnir.

Atvinnulífið á Íslandi er litað af gjaldeyris-höftum, sem bráðum verða búin að vera við lýði í rúmlega fimm löng ár. Þar ríkir fákeppni, einhæfni og skortur á nýjum og spennandi atvinnutækifærum. Enda streymir okkar menntaðasta og hæfasta fólk út í hinn stóra ljóta heim eftir frekari atvinnu-tækifærum og áskorunum, og stórum hópi íslenskra námsmanna erlendis dettur ekki í hug að koma aftur heim í núverandi ástand. Viðbrögð stjórnvalda: Áburðarverksmiðja fyrir milljarða króna. Þá er engin lausn í sjónmáli varðandi blessaða íslensku krónuna, sem heldur áfram að valda fyrirtækjum og almenn-ingi búsifjum en kvótakóngum gleði.

Á Íslandi er risavaxinn húsnæðisvandi. Þúsundir íbúða vantar bráðnauðsynlega fyrir tugþúsundir nýrra íbúðakaupenda og

leigjenda. Hópurinn samanstendur af fólki á aldrinum 20 til 30 ára, en stór hluti hans er einstæðingar og litlar fjöl-skyldur. Þetta er stærsti árgangur sem hefur komið nýr inn á fasteignamarkaðinn í Íslandssögunni. Eins og gefur að skilja er eftirspurn eftir húsnæði gríðarleg og Reykjavíkurborg hefur setið á rassinum á meðan þessi þróun hefur átt sér

„Stjórnar-flokkarnir virð-ast ætla að festa tök sín á landinu enn frekar, koma sínum manni eða mönnum að í Seðlabankanum og Davíð Oddssyni í stól stjórnar-formanns Lands-virkjunar og bola út fréttastjóra RÚV sem virðist fara óstjórnlega í taugarnar á þeim.“

stað eftir hrún. Þessi mikla eftirspurn ýtir fasteignaverðinu upp, sem gerir auðvitað fólki erfiðara um vik að kaupa sér þak yfir höfuðið, og spákaupmenn með digra sjóði í eigu lífeyrissjóðanna sanku að sér íbúðum og þrýsta leiguverðinu upp. Hátt leiguverð hefur svo þær afleiðingar að erfiðara og erfiðara verður fyrir fólk að safna sér fyrir útborgun í sinni fyrstu íbúð, sem þarf að vera 15-20 prósent af kaupverðinu. Þetta er ástand sem er fyrir séð að muni vara um ókomin ár.

Svo er verið að gefa spilin upp á nýtt á Íslandi. Stjórnarflokkarnir virðast ætla að festa tök sín á landinu enn frekar, koma sínum manni eða mönnum að í Seðlabankanum og Davíð Oddssyni í stól stjórnarformanns Landsvirkjunar og bola út fréttastjóra RÚV sem virðist fara óstjórnlega í taugarnar á þeim. Við ætlum að halda áfram að virkja á kostnað náttúrunnar fyrir hagnað stóriðjunnar, fresta nýjum lögum um náttúruvernd um ókomna framtíð og halda áfram með sömu þreyttu eggjakörfuna.

Við eigum því miður enn langt í land varðandi jafnrétti kynjanna. Við metum konurnar okkar ekki að verðleikum, komum oft og tíðum illa fram við þær, borgum þeim minna en körlum, og treystum þeim ekki fyrir ábyrgðarstörfum. Svo á ég, eignalaus maðurinn, að fara að borga fyrir skuldaniðurfellingar handa útvöldum sem flestir hafa ekkert við niðurfellingarnar að gera. Það eina sem ég fæ út úr því er meiri verðbólga, hærra leiguverð og versnandi viðskiptakjör í bönkunum.

Og hey, svo eru framhaldsskólarnir okkar tæknilega gjaldþrota, verkfallshrinur í uppsiglingu á meðal kennara á nær öllum skólastigum og ekki til nóg af skólabýggingum til að taka á móti stærsta árgangi nýrra skólabarna á næsta ári. Heilbrigðiskerfið er svo gott sem í ruglinu vegna langvarandi niðurskurðar og við getum ekki enn tryggt Vestfirðingum öruggt rafmagn árið 2014.

Þannig að það er töluvert sem ég hef áhyggjur af á Íslandi þessi dægrin, og ég vil meina af góðri og gildri ástæðu. Við höfum vissulega ennþá heitu pottana, vatnið og hreina loftið. En er Ísland best í heimi? Langt, langt, langt í frá.

Settu 250 milljónir í Hótel Sögu

Bændasamtökin fengu afskrifaðar skuldir vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Hótel Sögu. Hóтелиð fékk nýtt eigið fé upp á 250 milljónir.



„Sindri Sigurgeirsson, formaður stjórnar Bændasamtakanna, vildi ekki upplýsa hversu miklar skuldir Bændasamtökin fengu niðurfelldar.“

Bændasamtök Íslands lögðu Hótel Sögu til 250 milljónir króna í nýtt eigið fé og fengu skuldir niðurfelldar í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Hótel Sögu ehf. Þetta er meðal samkomulagsatriða í þríhliða samkomulagi Bændasamtakanna, Arion banka og Hótel Sögu ehf. um fjárhagslega endurskipulagningu hótelsins. Greint er frá samkomulaginu í ársreikningi samtakanna fyrir árið 2013, sem Kjarninn hefur undir höndum. Í skýringum í ársreikningnum kemur fram að Arion banki hafi leyst til sín allt hlutfé í Hótel Íslandi, sem var einnig í eigu Bændasamtakanna, í tengslum við uppgjörið en það hefur nú verið selt til nýrra eigenda. Tekið er að fram að víkjandi lán Bændasamtakanna til Hótel Íslands hafi verið felld niður og nýir lána-samningar gerðir við Arion banka. „Með þessum aðgerðum er sú biðstaða, sem lesa hefur mátt út úr ársreikningum Bændasamtakanna undanfarin ár um Hótel Sögu ehf., að baki,“ segir í ársreikningnum.

Rekstur Hótel Sögu hefur verið í óvissu undanfarin ár vegna mikilla skulda, en virði eigin fjár Bændasamtakanna hefur verið fært niður í núll frá árinu 2010. Árið 2009 var eigið fé Hótel Sögu neikvætt um 1,8 milljarða króna. Sindri Sigurgeirsson, formaður stjórnar Bændasamtakanna, vildi ekki upplýsa hversu miklar skuldir Bændasamtökin fengu niðurfelldar. Hann sagði samkomulagið vera trúnaðarmál á milli samtakanna og Arion banka og vildi ekki fara út í efnisatriði þess. „Ég get þó sagt að niðurstaða þessa samkomulags var góð fyrir samtökin og rekstur hótelsins gengur vel. Það er gaman að taka þátt í ferðaþjónustunni núna, mikill uppgangur,“ sagði Sindri. Hótel Saga er rekin af Radisson/SAS á grundvelli samnings þar um.



Sindri Sigurgeirsson

Á fjárlögum

Bændasamtökin fá tekjur meðal annars af fjárlögum og fá samtals 492,2 milljónir króna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2014. Fjárframlag Bændasamtakanna til Hótel Sögu nemur því ríflega helmingi fjárhæðarinnar sem samtökin fá á þessu ári.

Eignir Bændasamtakanna námu 835,8 milljónum króna í lok árs 2013 en heildarskuldbindingar, að teknu tilliti til

Bændasamtökin

Samtök bænda með ítök víða

Í stjórn Bændasamtakana eru Sindri Sigurgeirsson, Einar Ófeigur Björnsson, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Þórhallur Bjarnason. Framkvæmdastjóri er Eiríkur Blöndal.

Bændasamtökin gefa meðal annars út Bændablaðið, sem er víðlesíð blað og dreift um allt land. Tekjur þess námu 77,7 milljónum í fyrra.

Bændasamtökin eru fjármögnuð með svokölluðu búnaðargjaldi sem bændur greiða sjálfir, sem hlutfall af veltu sinna afurða.

Samkvæmt lögum um búnaðargjöld nema þau 1,2 prósentum af veltu bóndabýla, en draga má búnaðargjaldið frá tekjuskatti. Gjaldið rennur síðan meðal annars til Bændasamtakanna.

alls geymslufjár, þar á meðal framleiðslutengdra sjóða, nema ríflega 990 milljónum. Rekstrartekjur samtakanna lækkuðu nokkuð milli ára og námu 495,5 milljónum króna í fyrra, en þær voru 618,2 milljónir árið 2012. Handbært fé í árslok nam 543,5 milljónum króna í samanburði við 707,7 milljónir árið á undan. Bókfært virði fasteigna samtakanna nam 263,3 milljónum króna. Fasteignamat eignanna er nokkuð hærra, eða sem nemur 346,9 milljónum króna.

Eignarhlutir í tengdum félögum eru metnir á 490,3 milljónir króna samkvæmt bókfærðu verði. Þar af vegur Hótel Saga ehf. mest, eða sem nemur ríflega 410 milljónum króna, það er 160,5 milljónir að nafnvirði að viðbætti 250 króna hlutafjárauðningu.

Kostnaður eykst

Kostnaður við stjórn, nefndir, fundi og framkvæmdastjórn jókst töluvert milli ára, fór úr 47 milljónum 2012 í 62 milljónir 2013. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um ríflega 10 milljónir, úr 28,9 milljónum í ríflega 39 milljónir. Ferða- og dvalarkostnaður æðstu stjórnar hækkaði úr 15,9 milljónum í 19 milljónir. Síma- og skrifstofukostnaður stjórnar hækkaði um tæplega 300 þúsund milli ára, fór úr ríflega einni milljón í ríflega 1,3 milljónir. Þá meira en tvöfaldaðist funda- og viðskipta-kostnaður, fór úr ríflega einni milljón í tæplega 2,5 milljónir.



Bankinn ánægður með samkomulagið

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, sagði að bankinn væri ánægður með samkomulagið sem gert hefði verið við Bændasamtökin. Bankinn hefði fengið viðunandi verð fyrir Hótel Ísland þegar það var selt eftir að bankinn eignaðist það í tengslum við endurskipulagningu á fjárhag Hótel Sögu og Bændasamtakanna.

BMW 5 lína

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



SMELLTU HÉR
TIL AÐ SKOÐA BMW 5 LÍNU


MINNA ELDSNEYTI MEIRI SKEMMTILEGHEIT.

Það er erfitt að trúa að ein skemmtilegasta dísilvél í heimi sem skilar 184 hestöflum og 320Nm í togi geti einnig verið ein sparneytnasta dísilvél sem framleidd er, en - Upplifunin skrókvar ekki!

Árangur BMW byggir á Efficient Dynamics hagkvæmni og sportlegum aksturseiginleikum.

**BMW 520d - 4,5L/100 KM
VERÐ FRÁ 8.490 ÞÚS**

SMELLTU TIL AÐ SJÁ VERÐLISTA



BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



*Miðað við uppgöfnar eyðslutölur framleiðanda um akstur í blönduðum akstri

B/L

BL Sævarhófa 2, sími 525 8000

Íslensk tækifæri í stafrænni byltingu

Minni pappírnotkun og stórefling þjónustu og upplýsingagjafar með stafrænum leiðum opnar dyr að nýjum veruleika.

2.800
TONN

50 MILLJÓNIR
KRÓNA



Kostnaðurinn við urðun pappírs og pappírsumbúða sem fer í orkutunnuna, þrátt fyrir blátunnu, grenndargáma og endurvinnslustöðvar, er um 50 milljónir á ári, að sögn Björns Hafsteins Halldórssonar, framkvæmdastjóra SORPU. Er þá miðað við að heimilisúrgangur innihaldi um 12,8 kíló af pappír og pappírsumbúðum, sem eru um 2.800 tonn á ári frá íbúum höfuðborgarsvæðisins. „Færi þessi pappír og pappi (2.800 tonn) allur í blátunnnuna, grenndargáma eða endurvinnslustöðvar væri móttökugjaldið 0,3 krónur á kíló, eða 840 þúsund á ári,“ segir Björn. Móttökugjald SORPU fyrir urðun er í dag 18,02 krónur á kíló með virðisaukaskatti. SORPA er byggðasamlag í eigu sex sveitar-

félaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Garðabæjar. Kostnaðurinn lendir því á skattgreiðendum á höfuðborgarsvæðinu, sem reka SORPU. „Sé dreifing á pappírs- og

„Því má ætla að heildarkostnaður við urðun á dagblaða- og tímaritapappír á höfuðborgarsvæðinu sé um 40 til 45 milljónir á ári.“

pappaumbúðum og pappír (dagblöð og tímarit) svipuð í blönduðum heimilisúrgangi og í blátunnustrauðum má gera ráð fyrir að pappír (rit-) sé 80–90% af þessu. Því má ætla að heildarkostnaður við urðun á dagblaða- og tímaritapappír á höfuðborgarsvæðinu sé um 40–45 milljónir á ári,“ segir Björn en tekur fram að upphæðirnar séu gróflega áætlaðar. Ef þessi pappír og pappi, um 2.800 tonn á ári, færi í rétta flokkun í hvert skipti færi kostnaðurinn niður í 840 þúsund á ári.

Breyttir tímar

Af þessu sést vel hve áhrifamikil rétt flokkun á rusli getur verið og sparað mikla peninga fyrir skattgreiðendur. Minni pappírshotkun almennt dregur síðan enn frekar úr líkum á því að kostnaðurinn við urðun verði íþyngjandi fyrir skattgreiðendur og heimilin þar með beint og óbeint. Mikil umræða hefur átt sér stað á alþjóðavísu um þessi mál,



Snjallvæðing

Upplýsingum er nú miðlað í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur um leið og hlutirnir gerast. Hér má sjá fréttir frá Ólympíuleikunum í Sötsí í norskum fjölmiðlum í ýmsum snjalltækjum, en Norðmenn eru oft sigursælir í vetraríþróttum.

pappírshotkun þá sérstaklega, sem hafa skýran snertiflöt við tæknilegar framfarir þegar kemur að miðlun á upplýsingum. Þetta á ekki síst við um þjónustu hjá hinu opinbera og allt sem að henni snýr, svo sem dreifingu á upplýsingum af ýmsu tagi.

Internetið er fyrir löngu farið að marka daglegt líf fólks með margvíslegum hætti. Þjónusta af ýmsu tagi er í boði í gegnum internetið og það er nýtilegt til sífellt fleiri hluta. En áhrifin sem hin stafræna bylting, eins og snjallsíma- og spjaldtölvuvæðingin er oft nefnd, getur dýpkað þessi áhrif enn meira. Blaðamaðurinn Michael Joseph Gross, sem skrifar í Vanity Fair, sagði grein í máluútgáfu tímaritsins árið 2012 að næsta heimsstyrjöld færi fram á internetinu. Fyrirsögnin á grein hans, World War 3.0, var skírskotun í þessa merkilegu tíma, þar sem barist verður um upplýsingar og völd sem þeim fylgja.

Önnur nálgun ... fyrir umhverfið

Önnur hlið á þessum teningi er sú að algjör grundvallar-breyting verður á því hvernig fyrirtæki og hið opinbera veita þjónustu og nálgast viðskiptavinum og þegna, eftir því sem áhrif internetsins á líf okkar verða meiri.

Sú breyting er byrjuð að eiga sér stað en það er þó aðeins toppurinn á ísjakanum miðað við það sem koma skal. Einkum og sér í lagi er það vegna þess að fólk getur hvar og hvenær sem er komist inn á internetið í gegnum síma sína og spjaldtölvur og gert það sem því sýnist eftir því sem gagna-

niðurhal verður skilvirkara og betra. Umhverfismál hafa af þessari ástæðu komist á oddinn þar sem hið augljósa blasir við; það þarf ekki að fella tré og búa til pappír til þess að þjónusta fólk í gegnum tækin. Af þessari ástæðu er stafræna byltingin svonefnda risavaxið umhverfismál, ekki síst fyrir þéttbýl svæði þar sem dreifing upplýsinga á pappír hefur lengi verið hluti af innra skipulagi í daglegu lífi. Miklu veigaminni dagblaðaútgáfa á pappír er aðeins hluti af birtingarmynd þessara breytinga.



Óþarfi að prenta

Einn af kostum þess að geta notað snjalltæki við miðlun upplýsinga er að óþarft er að prenta þær, heldur er þeim miðlað skilvirkt í hin ýmsu tæki með hjálp internetsins.

Bretland í fararbroddi

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, lét það verða eitt sitt fyrsta verk að kanna með hvaða hætti hann gæti sparað í rekstri hins opinbera, með því að færa nærþjónustu við íbúa yfir á staf-

rænt form eins mikið og mögulega væri hægt. Verkefnið var einfaldlega kallað Stafræn stefna hins opinbera (The Government Digital Strategy). Það komst formlega inn á fjárlög árið 2012 og hefur síðan skilað miklum ávinningi, samkvæmt upplýsingum frá breskum stjórnvöldum. Markmiðið er að skerða þjónustu ekkert, en spara 1,8 milljarð punda árlega, sem nemur tæplega 330 milljörðum króna. Þó að þetta sé lítill hluti af heildarfjárlögum Breta á ári, upp á ríflega 700 milljarða punda, að teknu tilliti til ríflega 46 milljarða punda framlags til varnarmála, munar um þetta í daglegum rekstri.

ÍTAREFNI

Stafræn stefna breskra stjórnvalda

Vefsíða The Government Digital
Strategy

Stefnumarkandi skref sem stigin hafa verið

224 stefnumarkandi skref hafa
verið stigin

Smelltu á fyrirsagnirnar
til að lesa ítarefnið

Í sömu hlutföllum gætu sparast nokkur hundruð milljónir hér á landi á ári, með viðlíka stefnubreytingu. Nú þegar hafa verið stigin stór skref sem hafa heppnast vel, meðal annars hjá skattayfirvöldum. Vel hugsanlegt er að sparnaður verði margfaldur sá er stefnt er að, samkvæmt upplýsingum frá breskum stjórnvöldum. Stefnan hefur verið sett fram í uppfærðu skjali á vefnum, sem hefur verið uppfært sextán sinnum, allt fyrir opnum tjöldum. Sérstaklega er horft til þess að gera alla opinbera þjónustu miðlæga í gegnum vefsíðu og draga um leið stórkostlega úr allri umsjá með pappír hjá hinu opinbera.

Einkageirinn er almennt mun lengra kominn hvað þessi mál varðar en hið opinbera, víðast hvar á alþjóðavettvangi, og er þróunin hvað flesta þjónustubætti varðar afar hröð.

Tækifæri á Íslandi

Sigurjón Ólafsson, ráðgjafi hjá Funksjón vefráðgjöf, segir mikil tækifæri geta falist í því fyrir hið opinbera á Íslandi að huga meira að stafrænum leiðum þegar kemur að þjónustu og upplýsingagjöf. Ekki sé aðeins um sparnað að ræða heldur geti þjónustan einnig orðið mun betri og skilvirkari til framtíðar litið. Ísland standi líka frammi fyrir þeim veruleika að vera nýjungagjörn þjóð sem nýti sér nýjustu tækni í meiri mæli en flestar aðrar þjóðir. Fyrir vikið geti enn meiri útvíkun stafrænnar þjónustu og pappírslausrar upplýsinga-gjafar haft enn meiri áhrif hér á landi.



TOPP 5 Útvarps húsið við Efstaleiti

Margir spennandi möguleikar í boði

Það gastaði hressilega um nýjan útvarpsstjóra RÚV á þriðju-daginn. Á fundi með starfsmönnum kynnti Magnús Geir Þórðarson fyrirhugaðar breytingar hjá RÚV, en hann hyggst efla innlenda framleiðslu, jafnrétti og nýmiðlun og efna til löngu tímabærrar umræðu um hlutverk „stofnunarinnar“. Þar að auki boðaði hann endurskoðun á húsnæðismálum RÚV með mögulegri sölu á Útvarphúsinu við Efstaleiti og flutning í hentugra húsnæði. Kjarninn birtir topp fimm lista yfir möguleika á nýju hlutverki fyrir húsið víðfræga.

5 Ný heimkynni rauðhærðu afturgöngunnar

Hver man ekki eftir rauðhærðu afturgöngunni úr sjónvarpsmyndinni Draugasögu? Atburðirnir í þeirri goðsagnakenndu mynd áttu sér stað í gamla húsnæði RÚV við Laugaveg en Útvarpshúsið er tilvalið nýtt heimili fyrir slíka vofu. Hægt væri að bjóða ferðamönnum upp á að ganga um myrkvaða sali og ganga hússins með einungis kertaljósið að vopni, með alls konar draugahljóð ómandi í hljóðkerfi hússins. Húsið er meira segja svo stórt að það væri hægt að innrétta hluta þess sem heilsugæslu fyrir þá sem þurfa á lækniþjónustu að halda eftir að hafa verið hræddir nánast til dauða. Þá gæti húsið sömuleiðis orðið vettvangur fyrir heilsutengda ferðaþjónustu.





4 Löngu tímabært fangelsi

Stór hópur afbrotamanna bíður óþreyju-fullur eftir nýju fangelsi, svo þeir geti hafið afplánun. Útvarpshúsið gæti verið valkostur sem nýjasta fangelsi landsins. Þar er nægt rými, og svo væri hægt að inn- rétta hljóðver hússins sem fangageymslur

þar sem hættulegustu afbrotamenn landsins yrðu vistaðir, enda veggir þeirra hnausþykkir. Fínu fangana, eða hvítflibba-glæpamennina, sem fyrirhugað er að fari fjölgandi á næstu misserum, væri hægt að vista á efri hæðum hússins með fallett út- sýni yfir höfuðborgina þvera og endilanga.



3 Skemmtistaður án hliðstæðu

Útvarpshúsið á eiginlega ekki nágranna, þannig að þar væri hægt að halda standandi partí allar nætur. Þar væri sem sagt hægt að koma á fót stærsta skemmtistað á byggðu bóli, með ólíkum tónlistarstefnum og andrúmslofti í hverju rými, VIP-sölum á efri hæðum og ekki vantar bílastæðin.

Svo vantar bara að bæta einu stóru G-i fyrir framan RÚV-skiltið fyrir ofan aðalinnganginn, til að gefa skemmtistaðnum grípandi nafn. Nova hefur oft stært sig af því að vera stærsti skemmtistaður í heimi, en nú gæti fyrirtækið loksins séð tækifæri til að standa við stóru orðin í verki. Þá myndi Björn Jörundur auðvitað taka á móti gestum og gangandi.



2 Lögreglustöð á besta stað

Lögreglan er heit fyrir Útvarpshúsinu, sem er ekki skritið. Þar yrði hún staðsett á besta stað í borginni, nokkuð miðsvæðis, með gott útsýni til allra átta til að hafa vökult auga með glæpamönnum

höfuðborgarsvæðisins. Þar er nóg af plássi fyrir alls konar lögregludót; skildi, kylfur, girðingar og piparúðabrúsa, og nægt rými til að vista bæði harðsvíraða afbrotamenn í gæsluvarðhald og djammhunda sem þarfnast næturstaðar til að sofa úr sér.



1 Lasertag-musteri

Fátt er skemmtilegra en að bregða sér í Lasertag í góðra vina hópi. Útvarpshúsið væri tilvalið undir slíka iðju. Stórhuga afþreyingarfyrirtæki gæti boðið upp á Lasertag á heismælikvarða í húsinu, jafnvel með Die Hard-þema. Reykfylltir og gluggalausir gangar hússins myndu skapa

óviðjafnanlega spennu. Húsið gæti meira að segja nýst sem vettvangur undir heims- og Evrópumeistaramót Lasertag og myndi draga þúsundir ferðamanna til landsins. Vafalaust þyrfti þá að efla loftræstikerfi hússins til muna, til að lofta út flösu og svitalykt.



Gæðafllísar á sanngjörnu verði



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7 Reykjavík – Fuglavík 18 Reykjanesbæ

33 MILLJARÐA VIÐSKIPTAVILD HÓRFIN Á HÁLFUM ÁRATUG

Síminn var keyptur af ríkinu árið 2005 fyrir 140 milljarða króna á núvirði. Þetta háa verð bjó til mikla viðskiptavild, sem hefur verið skrúfuð hratt niður frá 2008.



Sala íslenska ríkisins á hlutafé sínu í Símanum sumarið 2005 mun líklega fara í sögubækurnar sem ein bestu viðskipti sem framkvæmd hafa verið á Íslandi. Exista og viðskiptalegir meðreiðar-sveinar þess áður stórtæka fjárfestingarfélags, sem síðar magalenti stórkostlega, keyptu Símann undir hatti félags sem fékk nafnið Skipti á upphæð sem í dag myndi vera um 140 milljarðar króna. Kaupin voru vitanlega fjármögnuð með lánum og skuldunum sem stofnað var til vegna þeirra var dembt aftur inn í reksturinn með því að sameina Skipti og Símann í svokölluðum öfugum samruna. Vegna þess háa verðmiða sem greiddur var fyrir Símann varð viðskiptavild Skipta mjög há. Ofan af henni hefur þurft að vinda á

„Vegna þess háa verðmiða sem greiddur var fyrir Símann varð viðskiptavild Skipta mjög há. Ofan af henni hefur þurft að vinda á undanförunum árum eftir að raunveruleikinn tók við af sýndarveruleika fyrirhrunsáranna.“

undanförunum árum eftir að raunveruleikinn tók við af sýndarveruleika fyrirhrunsáranna.

Frá árslokum 2008 hefur hún alls verið færð niður um 33 milljarða króna. Stærsti hluti þeirrar niðurfærslu átti sér stað um síðustu áramót þegar Skipti lækkuðu viðskiptavildina um 14 milljarða króna. Fyrir utan það tók félagið til hliðar um 2,6

milljarða króna vegna endurákvörðunar skatta sem eru bein afleiðing af öfuga samrunanum frá 2005. Til viðbótar voru um þrír milljarðar króna gjaldfærðir vegna gjaldmiðlaskipta-samningadeilu við slitastjórn Glitnis. Þetta allt saman skilaði því að Skipti tapaði 17 milljörðum króna á árinu 2013 og hefur samtals tapað 50 milljörðum króna frá árinu 2008.

Stærsta einkavæðing Íslandssögunnar

Í árslok 2004 var Síminn með 65 prósentu markaðshlutdeild á íslenska farsímamarkaðnum. Staða hans á íslenskum markaði var því mjög eftirsóknarverð, enda byggði hún á grunni áratugaeinokunar. Í takti við einkavæðingarstefnu stjórnvalda á þessum árum lá lengi fyrir að Síminn yrði

SÍMAPENINGARNIR NÝTTUST EKKI AÐ ÖLLU LEYTI SEM SKYLDI

Skömmu eftir að tilboði Skipta í Símann var tekið greiddu nýir eigendur fyrir félagið. Kaupverðið var að mestu tekið að láni. Tæpur helmingur þess, um 32 milljarðar króna, var í erlendra mynt og fór beint í að greiða niður erlendar skuldir íslenska ríkisins. Restin, 34,7 milljarðar króna, var lögð inn í Seðlabankann í formi lána og í kjölfarið gefin út fjögur skuldabréf sem greiða átti út fyrsta dags júlímánaðar árið 2007, 2008, 2009 og 2010. Vextir áttu að hrannast upp á þessi lán og upphæðin átti að vaxa upp í 43 milljarða króna.

Peningarnir voru eyrnamerkir alls kyns dýrum verkefnum sem ráðast átti í með skattfé. Upphaf-

lega áttu 18 milljarðar þeirra til dæmis að fara í nýtt hátæknisjúkrahús og 15 milljarðar króna í samgönguúrþætur á borð við Sundabraut. Þá fékk Landhelgisgæslan þrjá milljarða króna til að kaupa flugvél og varðskip og ýmsir aðrir fengu líka háar upphæðir.

Ljóst er að féð skilaði sér alls ekki allt í þau verkefni sem það hafði verið eyrnamerkt. Hvorki hátæknisjúkrahús né Sundabraut eru enda risin. Um 20 milljarðar króna runnu þvert á móti í ríkissjóð og fóru í almennan rekstur hins opinbera og það sem lá eftir í Seðlabankanum við bankahrunið fór sömu leið. Beint í hit afleiðinga þess hruns.

á einhverjum tímapunkti seldur. Af því varð loks í byrjun ágúst 2005. Og um var að ræða stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar. Aldrei hafði nokkur borgað jafn mikið fyrir fyrirtæki í eigu ríkisins. EKKI einu sinni bankana sem seldir voru nokkrum árum áður.

Þrír hópar fjárfesta buðu í 98 prósent eignarhlut ríkisins í Símanum. Hópur sem kallaði sig Nýja Símafélagið bauð lægst, 54 milljarða króna. Símostöðin ehf., sem var meðal annars í eigu Burðaráss og KEA, bauð um 60 milljarða króna. Hæsta tilboðið kom hins vegar frá Skiptum ehf., 66,7 milljarðar króna á þávirði. Að baki hópnum stóðu Exista, Kaupþing, nokkrir lífeyrissjóðir og MP banki. Stærstur í honum var Exista, sem var líka stærsti eigandi Kaupþings. Kaupverðið var að langtærstu leyti tekið að láni með stóru sambankaláni sem Kaupþing leiddi. Auk þess yfirtóku nýir eigendur 14 milljarða króna skuldir. Þar af voru einungis 7,7 milljarðar króna skammtímaskuldir.

Þær kvaðir voru settar á söluna að enginn einn aðili mætti eignast meira en 45 prósent hlut í Símanum. Almennungi og öðrum fjárfestum átti auk þess að verða gert kleift að kaupa 30 prósent hlut í fyrirtækinu í gegnum skráningu á markað sem átti að eiga sér stað fyrir árslok 2007. Þegar kom að því að skrá Skipti á markað snemma árs 2008 gerði Exista hins vegar yfirtökutilboð í félagið og eignaðist það allt. Þessi gjörningur var rökstuddur með því að markaðsaðstæður

hefðu útilokað skráningu. Á mannamáli þýðir það að niðursveiflan í efnahagsundrinu var þá þegar hafin og stjórnendur Existu áttuðu sig á því að hlutabréfin myndu líklega aldrei rísa með þeim hætti að virði þeirra gæti réttlætt miklar skuldir samstæðunnar.

Erfiðir tímar

Skuldirnar sem fylgdu einkavæðingunni voru gríðarlegar. Eftir að Exista lognaðist út af og kröfuhafar félagsins tóku það yfir var lengi vel ekki ráðist í þá fjárhagslegu endurskipulagingu á Skiptum sem öllum var ljóst að nauðsynleg var. Í lok árs 2012 voru þær komnar upp í 69 milljarða króna. Skuldirnar voru að langmestu leyti tilkomnar vegna kaupa Skipta á Símanum sumarið 2005.

Fyrir rúmu ári var ráðist í formlega endurskipulagningu á félaginu. Eigendur skulda þess breyttu í kjölfarið hluta þeirra í hlutafé og skulda- staðan varð mun skaplegri. Um síðustu áramót var hún orðin 32,3 milljarðar króna. Þar af nema skammtaskuldir einungis um 6,9 milljörðum króna.

Eftir fjárhagslegu endurskipulagninguna var ráðist í skipulagsbreytingar á samstæðunni. Það var meðal annars gert með því að sameina Skipti og Símann í eitt félag sem ber nafn Símans.



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Viðskiptavild vegna einkavæðingar

Fyrir skemmstu var svo tilkynnt að Skipti, sem nú heita Síminn, hefðu bókfært 17 milljarða króna tap á síðasta ári þrátt fyrir að hagnaður félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta hefði verið 8,3 milljarðar króna. Stærsta einstaka niðurfærslan er á viðskiptavild, 14 milljarðar króna. Alls hefur félagið skrúfað hana niður um 33 milljarða króna frá árslokum 2008.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir að þessi mikla viðskiptavild sé aðallega tilkomin vegna einkavæðingarinnar 2005. „Þá varð til stærð í bókhaldinu vegna þess að félagið

MARKAÐSHLUTDEILD SÍMANS HEFUR LÆKKAÐ HRATT

Síminn var lengi vel í mjög ráðandi stöðu á íslenskum fjarskiptamarkaði. Í árslok 2004 var markaðshlutdeild fyrirtækisins á farsímamarkaði til dæmis 65 prósent. Með tilkomu nýrra samkeppnisaðila á borð við Vodafone og Nova og vegna kvaða sem Samkeppniseftirlitið hefur sett á félagið vegna markaðsráðandi stöðu þess hefur hlutdeildin minnkað mjög hratt á undanförunum árum. Um mitt síðasta ár var hún orðin 37,5 prósent og viðskiptavinir Símans í farsímanetinu, sem er langstærsti flötur starfsemi hans, einungis um 30 þúsund fleiri en viðskiptavinir Nova.

Veruleiki fjarskiptafyrirtækja hefur líka verið að breytast mjög hratt með hraðari útbreiðslu snjalltækja og því að miðlun affreyningar og fjölmiðlunar hefur stökkt breyst með þeim afleiðingum að fjarskiptafyrirtæki og framleiðendur slíks efnist eru víða að renna saman í eitt. Síminn hefur verið að fóta sig á þessum vettvangi. Félagið á fjölmiðla- og affreyningarfyrirtækið Skjáinn og þá hefur Sjónvarp Símans, sem veitir aðgang að erlendum og innlendum sjónvarpsstöðum, líka vaxið mjög. Í fyrrahaust hóf félagið svo að bjóða upp á sjónvarpslausn fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

var keypt á yfirverði og hún fékk nafnið viðskiptavild. Hún óx síðan eitthvað aðeins vegna kaupa á öðrum félögum. Það er aldrei hægt að fullyrða hvort niðurfærslunni sé algjörlega lokið. Okkur líður hins vegar vel með þennan efnahagsreikning. Hann er í takti við það sem markaðurinn er að verðleggja félagið á. Núna sýna bækur okkar það sama og markaðurinn sýnir.“

Býsna vel í lagt

Orri segir að eftir á að hyggja sé ljóst að býsna vel hafi verið í lagt þegar ákveðið hafi verið að borga svona háa fjárhæð fyrir Símann fyrir tæpum áratug. Það sé hins vegar ljóst að salan hafi verið mjög góð fyrir íslenska ríkið.

Spurður hvað hafi valdið því að viðskiptavildin hafi ekki verið lækkuð fyrr en núna bendir Orri á að viðskiptavildin hafi verið lækkuð um 19 milljarða króna á árunum 2008 til loka árs 2012. Auk þess hafi verið í gildi metnaðarfullar rekstraráætlanir sem hafi gert ráð fyrir afkomuvexti á árunum eftir hrun. Slíkur hafi orðið að veruleika í fyrstu. „Svo hægði á þessum vexti á árinu 2013 þannig að raunþróunin hafði því áhrif á það sem var fram undan.“

Stefnt er að því að skrá Símann á markað á næstu misserum. Orri telur að fram að skráningunni þurfi ekki að ráðast í fleiri breytingar á borð við þær sem sáust í uppgjöri síðasta árs.

Allt í lagi, góða nótt

Flugvél Malaysia Airlines, með 239 farþega um borð, hefur verið týnd frá 8. mars. Kjarninn rýnir í kenningar um afdrif hennar.

Kúala Lúmpúr

INDLANDSHAF

FLUGSAMGÖNGUR

Pórður Snær Júlíusson

✉ @thordurssnaer

Birgir Þór Harðarson

✉ @ofurbiggi



H

inn 8. mars lagði Boeing 777 farþegaþota Malaysia Airlines af stað frá Kuala Lumpur til Peking. Eftir um klukkutíma flug hvarf flugvélin af ratsjá og fjarskiptabúnaður hennar hætti að virka. Þá var hún úti fyrir ströndum Víetnam. Síðustu orð aðstoðarflugmanns vélarinnar voru „allt í lagi, góða nótt“ (e. „All right, good night“). Yfirvöld í Malasíu virðast ekki hafa nokkra hugmynd um hvað varð um vélina og alþjóðasamfélagið fylgist með hverju skrefi sem stigið er í leit að henni. Við slíkar aðstæður verða til ýmsar kenningar um hvað hafi átt sér stað. Kjarninn tók saman þær helstu.

KENNING 1 Flugvélin verður notuð til hryðjuverka

Ein kenning sem hefur fallið vel í kramið hjá vænisjúkum netverjum er sú að flugvélinni hafi verið rænt af hryðjuverkamönnum og til standi að nota hana í sjálfsmorðsárás á pari við það sem átti sér stað 11. september 2001. Til að kenningin geti gengið upp þyrfti að ræna vélinni, lenda henni einhvers staðar, fela hana, koma henni síðan aftur í loftið með nýjum fjarskiptasendi og fljúga vélinni síðan á ótilgreinda borg. Sérfræðingar telja þessa skýringu mjög, mjög ólíklega en útiloka ekki að þessi atburðarás væri gerleg.

KENNING 2 Flugvélin er í Pakistan

Fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch hefur farið mikinn á Twitter vegna hvarfs vélarinnar. Hann hefur meðal annars ýjað að því að hún sé í norðurhluta Pakistan, þar sem Bin Laden faldi sig áður en hann var drepinn. Þessi kenning þykir ósennileg, enda er fylgst mjög grannt með lofthelgi nágrannaríkjanna Pakistan og Indlands. Mjög ósennilegt er talið að flugvél hefði komist óséd inn á þetta landsvæði.

Um borð í flugi MH370

Samtals 239 farþegar með áhöfn

Þjóðerni farþeganna		
Kínverskir.....	153	Kanadískir..... 2
Malasískir.....	38	Rússneskir..... 1
Indónesískir.....	7	Ítalskur..... 1*
Ástralskir.....	6	Taívanskur..... 1
Indverskir.....	5	Hollenskur..... 1
Franskir.....	4	Austurrískur..... 1*
Bandarískir.....	3	Flugstjórar og áhöfn
Nýsjálenskir.....	2	Malasískir..... 12
Úkraíniskir.....	2	

*Ólöglegir franskir innflytjendur ferðuðust á stolnum vegabréfum.



Leitarsvæðið er gríðarlega stórt

Hugsanleg staðsetning vélarinnar getur verið einhverstaðar á 1/10 hluta jarðar



Áætlaður landingarstaður
í Peking, hófuðborg Kína

Leitað á Kínahafi – 8. mars kl. 13.00
Kínverjar senda tvö herskip til að leita að flaki vélarinnar á Kínahafi.

Síðasta radarsendingin – 8. mars kl. 02.15
Ratsjártæki malasíska flughersins merktu síðustu ratsjársendingar flugvélarinnar tæpum klukkutíma eftir að hún hvarf.

Samband rofnar – 8. mars kl. 01.30
Flugumferðarstjórn missir samband við vélina klukkustund eftir flugtak. Slökkt á staðsetningarbúnaði milli 01.07 og 01.37.

Gervihnattasamband – 8. mars kl. 08.11
Gervihnöttur í 35.800 kílómetra hæð yfir sjávarmáli fékk meldingar frá flugi MH370 til klukkan 08.11 um morguninn. Vélina gæti því verið að finna á rauðu strikunum sem merkt eru á kortið, eða í 4.000 km radíus. Svæðið þekur 32.000 milljón ferkílómetra, um það bil 1/10 af yfirborði jarðar.

8. mars 2014 – 00.41
Flug MH370 tekur á loft frá Kúala Lúmpúr í Malasíu. Vélina á að landa í Peking klukkan 06.30.

INDLANDSHAF

Ástralía

Smelltu til að horfa á myndband af hvarfi MH370





KENNING 3 Flugmennirnir ollu hvarfinu vísvitandi þessi kenning gengur út á að annar hvor flugmanna vélarinnar, Fariq Abdul Hamid eða Zaharie Ahmad Shah, hafi framið sjálfsmorð og ákveðið að gera það með því að brotlenda vélinni. Kenningin er rökstudd með því að einhver um borð hljóti að hafa slökkt á fjarskiptabúnaði vélarinnar og flugmennirnir hafi verið í bestu aðstöðunni til þess að gera það. Kenningin fékk byr undir báða vængi um síðustu helgi þegar yfirvöld í Malasíu leituðu á heimilum mannanna tveggja án þess að það væri útskýrt fyrir fjölmiðlum af hverju það hefði verið gert.

KENNING 4 Eldur kom upp í vélinni

Sú kenning sem virðist vera mest vaxandi á meðal sérfræðinga innan fluggeirans er að eldur hafi komið upp í flugvélinni. Samkvæmt frásögn Sky News af kenningunni gengur hún út á að rafmagnsbilun hafi orsakað reyk í flugstjórnarklefanum og flugstjórar vélarinnar hafi ákveðið að slökkva á fjarskiptabúnaði hennar til að hefta útbreiðslu eldsins. Stefnu vélarinnar hafi síðan verið breytt í vesturátt og hugmyndin hafi verið að lenda á næsta flugvelli. Reykurinn hafi hins vegar orðið til þess að flugmennirnir misstu meðvitund áður þeir náðu þangað. Mögulega hafi vélin samt flogið áfram á sjálfstýringu og á endanum hrapað í hafið vegna eldsneytisskorts.

KENNING 5 Vélin var skotin niður

Ástralska dagblaðið Sydney Morning Herald sagði frá því í síðustu viku að sú kenning væri uppi að vélin hefði verið skotin niður með flugskeytum. Sögunni fylgdi að herir landa í Suðaustur-Asíu hefðu tekið sig saman og ákveðið að hylma yfir atburðinn.



Öruggasta lykilorðið
er ekki geymt á netinu



**Rafræn skilríki og
eitt PIN** í símann þinn
í stað margra lykilorða



... til að vita meira, **smelltu hér**



SJÖ SPURNINGAR

Bergsteinn Sigurðsson

Umsjónarmaður Morgunútvarpsins

Hvað ætlarðu að gera um helgina?

Á laugardögum leyfi ég mér að sofa út – alveg til átta eða níu. Dagskráin er enn sem komið er ekki skipulögð út í þaula en ég gæti trúað að fermingar-undirbúningur komi við sögu, sonur minn er að fermast. Ólíkt flestum helgum er engin frumsýning til að fara á fyrir Djöflaeyjuna, svo við reynum kannski bara að eiga náðugar kvöldstundir, með góðum mat og jafnvel góðum vinum. Og svo þarf auðvitað að ganga frá þættinum fyrir mánudag.

Ef þú mættir velja einn viðmælanda til að fá í viðtal við Morgunútvarpið, hver yrði það?

Ef annar flugmanna MH-370 er að lesa má hann gjarnan hafa samband. Ég er með nokkrar spurningar.

Hvaða plata fær þig til að dansa eins og Kjartan Guðmundsson?

Úlfhildur Eysteinsdóttir, sérlegur plötusnúður Morgunútvarpsins, lumar á „playlista“ fyrir öll tilefni. Hún væri sjálfsagt ekki lengi að kasta í eina frábæra „best of 90's boybands“ mixplötu, sem særa yfirleitt fram það trylltasta í Kjartani.

Hvað er besta bók sem þú hefur lesið síðastliðið ár?

Sæmd Guðmundar Andra hefur setið eftir í mér síðan fyrir jól (ég á enn dágóðan stafla eftir úr jólabókaflóðinu). Mér fannst American Gods eftir Neil Gaiman líka frábær, yfirlitsritið QI Book of the Dead eftir aðalgrúskarana á bak við QI-þættina er skemmtileg (þvílíkt draumastarf) að ógleymdri The Imperfectionists eftir Tom Rachman; bráðskemmtileg skáldsaga sem flestir blaðamenn ættu að kunna að meta.

Er MMA íþrótt eða bara tilgangslaust og svæsið ofbeldi?

Ég sveiflast svolítið á milli í afstöðu minni; í aðra röndina virði ég og dáist að þjálfuninni og einurðinni sem þessi keppni útheimtir en væri ég á hinn bóginn sjálfur settur í búrið þyrfti ekki að halda mér lengi í hálstaki til að ég færi að hallast að seinni kostinum.

Hvað truflar þig mest við íslenskt samfélag í dag?

Uppnám og þrasgirni. Ætli það fari ekki mest í taugarnar á manni sem maður kannast við í eigin fari.

Veldu eina bíómynd til að horfa á alltaf.

Mér detta svo sem í hug margar betri, en Groundhog Day, Memento og Eternal Sunshine of the Spotless Mind væru viðeigandi.

kjarninn 20. mars 2014

f Facebook**LÍSA RÓSU-OG KRISTJANSDÓTTIR**

Fínt að stokka upp í húsinu, af þessum ný framkvæmdastjórum var ein kona, með nýjum ráðningum verður vonandi bætt úr þessu og kynjahlutföllin leiðrétt.

Þriðjudagur 17. mars

**GUÐRÚN BJÖRNSDÓTTIR**

Liður íhaldsins í að búta niður og koma RÚV í einkavinahendur, hafa aldrei verið mjög menningarlegir eða skilið menningu yfir höfuð,

money money er þeirra æðsti Guð svona fyrir utan það sem er út í móla!

Þriðjudagur 17. mars

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON**

Ekki hvarflar að mér að gera athugasemdir við göfuga áætlun nýs útvarpsstjóra um að kven- og dreifbýlisvæða stofnunina. En kannski

slær aðeins á sveitarómantikína ef maður rétt minnir á að utanríkisráðherra er utan af landi.

Þriðjudagur 17. mars

BAKHBERGID**Þrír vinir æðstu menn í fjarskiptunum**

Fjarskiptafyrirtækin Vodafone, Nova og Síminn eru þrjú stærstu fyrirtæki landsins á sínu sviði. Manna-breytingar hafa verið þó nokkrar á síðustu árum í stjórnendastöðum og í eigendahópnum. Nú er svo komið að Björgólfur Thor Björgólfsson á Nova, Heiðar Guðjónsson er stjórnarformaður Vodafone og Orri Hauksson forstjóri Símans. Þessir þrír þekkjast vel frá gamalli tíð. Bæði Orri og Heiðar hafa unnið náið með Björgólfi Thor í viðskiptum. Þetta sýnir kannski hvað Ísland er lítið.

Twitter**HAUKUR SM @haukurSM**

Hlakka til þegar Björn Ingi verður fréttastjóri RÚv. Hlakka ýkt mikið til. Þriðjudagur 17. mars

**ÓLAFUR NIELSEN @olafurnielsen**

Magnús Geir er með pung. Svona á að gera þetta. Moyes gæti lært sitthvað af honum. Ekki kominn hálfleikur og Magnús með þrefalda

skiptingu.

Þriðjudagur 17. mars

**ARNI THRASTARSON @thrastarson**

Hvenær ætlar Magnús Geir að skila jeppanum? Þriðjudagur 17. mars

Sigmar í orlof og Gísli Marteinn í Útsvar

Hinn skeleggi Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss, hefur stýrt spurningaþætti sveitarfélaganna, Útsvari, með glæsibrag frá upphafi þeirra ásamt Þóru Arnórsdóttur.

Sigmar er nú á leið í fæðingarorlof og í bakhbergjunum er fullt að í hans stað komi maður sem þekki Útsvar vel. Þar er um að ræða borgarfulltrúann fyrrverandi Gísla Marteina Baldursson. Hann mun auk þess stýra þjóðmálaþætti sínum Sunnudagsmorgnum áfram.


Háþróað ferðalag

Mercedes-Benz GL-Class 350 CDI með 7 þrepa
7 G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu. Verð frá 15.980.000 kr.



Mercedes-Benz

kjarninn 20. mars 2014



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Svavar Knútur tónlistarmaður

Skáldið og uppvakningar



Söngvaskáldið Svavar Knútur Kristinsson hefur engilfríða rödd, um það verður ekki deilt. Hann spilar og semur aðallega þjóðlagatónlist og hefðbundin dægurlög. Fyrir skemmstu sendi hann til dæmis frá sér hugljúfa jólaplötu með tveimur söngdívum. Hann hefur mjúka og góðlega ímynd. Af honum stafar engin ógn og hann yrði trúlegast ekki efstur á blaði ef maður þyrfti að velja í hlutverk harðnagla í hasarmynd eða aðalhetju í söngleik um uppvakninga. Hann er með öðrum orðum líklegri til að syngja í jarðarförinni þinni en að koma í veg fyrir hana. Ekki satt? Það hélt sá sem þetta ritar og því kom það nokkuð á óvart hversu dökkar hliðar er að finna á söngvaskáldinu síglaða.

Við Svavar Knútur spjöllum vítt og breitt og byrjum á feimni og félagsfælni og vinnum okkur þaðan inn í skuggana. „Það er mjög heftandi fyrir tónlistarmann að vera jafn félagsfælinn og ég er,“ segir Svavar Knútur. „Í mér togast á tvö öfl. Annars vegar væntumþykja og áhugi á fólki. En þegar fleiri en fimm koma saman í hópi missi ég fókus og mig langar mig bara að fara heim.“ Hvernig er þá að stíga á svið og koma fram fyrir stóran hóp fólks? „Það er í fína lagi. Þá er ég bara einn á sviðinu eða með nokkrum góðum vinum og áhorfendur verða eins og ein heild, einn einstaklingur. Ég er bara mjög feiminn, það getur tekið mig viku að taka upp símann og hringja í fólk til að biðja það um að spila með mér. Þess vegna er ég mikið einn. Svona er bara að vera með áráttu, kvíða og athyglisbrest,“ segir Svavar Knútur og hlær innilega.

Uppvakningar eru ekkert grín

Ég spyr hann út í þau verkefni sem hann er með á þrjónunum. Hann gaf út jólaplötu í desember með þeim Kristjönu Stefánsdóttur og Ragnheiði Gröndal. Þar áður kom út diskurinn Ölduslóð og segist Svavar Knútur vera hægt og rólega að vinna að næsta persónulega disk. „Svo er ég að vinna að zombie-söngleik. Það verða svona lög og sögur um uppvakninga. Ég er kominn með tvö, þrjú lög og er að velta

Því fyrir mér hvernig þetta virkar. Ég er að hugsa um að láta þetta verða heilræðasöngleik. Svona hvernig á að lifa þetta af.“ Þarna sló Svavar Knútur viðmælandann ögn út af laginu. Það blundar greinilega uppvakningaáhugi í ólíklegasta fólki. Svavar Knútur segist ætla að skoða þetta fyrirbæri frá ólíkum sjónarhornum og skoða hvers konar lífi uppvakningar lifa, þannig að persónuleg sjónarmið þeirra muni einnig líta dagsins ljós. Hann ætlar líka að skoða óttann. Ótta okkar hinna sem höfum ekki breyst í uppvakninga. „Við erum öll ólík og nálgumst þennan ótta á mismunandi hátt,“ segir

Svavar Knútur og það er ekki að sjá á honum að hann sé að gantast. Enda eru uppvakningar ekkert grín.

„Ég er bara mjög feiminn, það getur tekið mig viku að taka upp símann og hringja í fólk til að biðja það um að spila með mér. Þess vegna er ég mikið einn.“

Ímynd sem segir ekki alla söguna

„Ég hef mjög gaman af ógeðskúltúr en þá á ég ekki við rómantísku útgáfuna þar sem allar vampýrur og varúlfar

virðast vera kynþokkafull ungmenni sem gráta silfurtárum. Ég er meira fyrir gróteskuna og viðbjóðinn. Ég hef alltaf borið mikla skrímslaást í brjósti. Mikið af því sem ég hef verið að hugsa og semja um hefur verið skrímslakennt. En svo tek ég alltaf textann og laga hann til svo hann hættir að verða skrímslalegur og verður bara svona mannlegur,“ segir Svavar Knútur og hefur með þessum orðum komið blaðamanninum ögn á óvart. „Það mun á endanum líka koma frá mér skrímslaplata,“ segir hann og tæmir fjórða kaffibollann á um það bil 20 mínútum.

Ég játa fyrir honum að skrímsla- og ógeðsá huginn komi mér ögn á óvart og stingi mjög í stúf við ímyndina af hinum ljúfa og góða ömmustrák og trúbador. Hann hlær og segir svo að honum þyki líka mjög vænt um þá hlið á sjálfum sér. „Við erum öll svo margbrotin. Ég hef aldrei getað verið eitthvað eitt. Oft finn ég það að fólk hefur gengið út frá því að ég sé bara þessi ljúfi ömmustrákur en ég segi mikið af ógeðslegum sögum á tónleikum. Svona sögur þar sem ég hegg af fólki höfuðin og blóðið spýttist út um allt og innýflin

Hann sjálfur
Svavar Knútur mun leika
sjálfan sig á sviði.



liggja úti. Sem sagt mikill horror. Fólk á það til að labba út og sendir mér reiðileg bréf og útgefandinn minn hefur fengið gusur yfir sig, kvartanir yfir því hvað ég sé ógeðslegur,“ segir Svavar Knútur og viðurkennir að það sé trúlegast vegna þess að fólk eigi ekki von á hryllingi úr þessari átt. „Já, fólk tekur því bara sem gefnu að ég sé einhver blíð mannvera sem eigi ekki til ljótar hugsanir. Það er mín reynsla að blíðasta fólkið geymir einhvern óhugnað innra með sér, er með stærstu beinagrindurnar faldar í sínum skáp. Ég er alltaf hræddastur við heilagt fólk. Þá fara viðvörunarbjöllur af stað og ég hugsa að þarna búi skrímsl. Þeir sem hvað mest lýsa yfir eigin ágæti og fegurð hræða mig,“ segir Svavar Knútur og hlær við.

Leikur sjálfan sig og alla Íslendinga á sviði í Þýskalandi

Hann hefur töluverða reynslu af því að þvælast um Evrópu og hefur farið í nokkrar tónleikaferðir einn með gítar og lestarpassa og hyggur á útgáfu á nýjum diskum með evrópskum sönglögum sem verður sérstaklega hugsaður fyrir Evrópu-markað. „Ég hef svo mikinn áhuga á Brahms og Fauré, þetta er ein pælingin, og svo er ég líka að fara út í það að semja íslenskar morðballöður. Það er ekki mikið til af slíku hér. Sofðu unga ástin mín er í raun ein af fáum morðballöðum sem við eigum. Það eru þessar flottu sögur sem heilla mig, já, fyrir utan eilífðarverkefnið mitt. Að vera söngvaskáld sem segir sögur af eigin lífi á heiðarlegan hátt.“

Svavar Knútur segir útsendara Kjarnans einnig frá öðru áhugaverðu verkefni sem nú stendur fyrir dyrum í Þýskalandi. „Núna er ég klofinn í sjö parta líkt og sál Voldemorts og hleyp um eins og hauslaus hæna en ég er að fara út í nokkra mánuði að æfa, semja tónlist og leika í leikriti sem heitir Iceland One Way – Therapiert uns bitte. Þetta fjallar um óvenjulega hjónameðferð sem þýskt par fer í til Íslands til að reyna að lappa upp á sambandið og hittir þar mig. Persónan sem ég leik er byggð á mér en ég er jafnframt allskonar fólk. Ég er þjónn, trúbador og rútubílstjóri, ég er sem sagt allir Íslendingar í þessu leikriti. Í verkinu er ég látinn leiða þessi hjón í gegnum ákveðið þroskaferli sem er



Söngvaskáldið hugljúfa

Uppvakningar og morðballöður eru hans ær og kýr.

ekki laust við undarlegheit. Þau eru náttúrulega aðalatriðið í þessu verki og ég bregð mér í ólík gervi og leik áhrifavaldana sem stýra þeim inn á nýja braut.“

Verkið er skrifað af Christian Schäfer, sem gengur undir listamanns nafninu Fink Kleidheu, en hann rak leikhús í Tübingen þar sem Svavar Knútur hélt einu sinni tónleika. Í kjölfarið kviknaði sú hugmynd að skrifa leikrit um Svavar Knút. Leikritið verður sýnt á leiklistarhátíð í Recklinghausen í vor og eftir tónleikaferð sumarsins verður verkið tekið upp á ný næsta haust í Gütersloh. Einnig er verið að athuga hvort flötur sé á að sýna þetta hér heima á Íslandi á sviðslistahátíð á næsta ári. „Okkur langar mikið að sýna þetta hér heima en annars er ég líka mjög stoltur af því að flytja með þessum hætti gjaldeyriskjör heim til Íslands,“ segir Svavar Knútur og hlær við.



Svo allir fáir sitt...

Heilbriggt efnahagslíf byggist á góðu flæði fjármagns.

Við stuðlum að heilbrigðu efnahagslífi með því að gera viðskipti einföld, örugg og sanngjörn.

Því meiri viðskipti sem eiga sér stað, því betra fyrir þjóðfélagið, fyrirtæki og neytendur.

Við hjálpum báðum aðilum viðskiptasambands að eiga sanngjörn viðskipti og byggja þannig upp

langtíma viðskiptasambönd sem skapa verðmæti fyrir alla aðila.

Motus - svo allir fáir sitt.



Niðurstaðan er sú að það er allra hagur að fjárfseymi og viðskiptalífð virki sem best. Um það snýst Motus

motus
www.motus.is



SPES Frumleg hefndaraðgerð í miklu textaformi

Notaði Shakespeare til að hefna sín á svindlara

Edd Joseph, grafískur hönnuður frá Bristol, hefndi sín á manni sem svindlaði af honum peninga með því að senda honum ritsafn Williams Shakespeare í heild sinni, í SMS-skilaboðum.

Joseph greiddi manninum áttatíu pund fyrir PlayStation-tölvu, sem maðurinn hafði auglýst til sölu á netinu, en Joseph fékk tölvuna aldrei afhenta.

Farsímaáskrift Josephs gerði honum kleift að ná fram hefndum sér að kostnaðarlausu. Vegna takmarkaðs

stafafjölda í hverjum skilaboðum mun sími svindlarans titra og gefa frá sér hljóð hátt í þrjátíu þúsund sinnum í á aðra viku, við að koma 37 verkum meistara Shakespeares á leiðarenda.

„Hann hringdi í mig með fúkyrðaflaum, en ég spurði hann á móti hvort hann hefði ekki haft gaman af leikritunum,“ segir Edd Joseph. „Ég er enginn sérstakur aðdáandi Shakespeares en ég er farinn að kunna að meta lengri verk hans.“

Opinberar heilbrigðis-tryggingar hættulegar?

Þórólfur Matthíasson prófessor skrifar um heilbrigðismál

Efnafræðingur, eðlisfræðingur og hagfræðingur eru fyrir einhverja röð tilviljana staddir á eyðieyju, matar- og verkfæralausir. Á eyjunni finna þeir birgðir af niðursoðnum matvörum. En engan dósaopnara. Þeir félagarnir byrja að ræða hvernig þeir eigi að nálgast næringu úr niðursuðudósunum. Eðlisfræðingurinn stingur upp á að leggja dósina á jörðina og láta stóran stein falla á hana. Efnafræðingurinn stingur upp á að hita dósina yfir eldi þar til hún springi. Hagfræðingurinn segir aðeins: „Hvert er vandamálið? Gefum okkur að við höfum dósaopnara og notum hann til að opna dósina!“. Þennan brandara á bandaríski hagfræðingurinn og kennslubókahöfundurinn Kenneth Boulding að hafa sagt til að minna nemendur og samverkamenn á að óraunhæfar forsendur gefa ónothæfar lausnir, sjá Boulding (1970).



Fyrsta lögmál velferðarhagfræðinnar

Setjum sem svo að við hefjum greiningu á takmörkunum og mögulegri skaðsemi heilbrigðistrygginga á því að gera eftirfarandi forsendur: a) að neysla vöru hafi aðeins áhrif á neytandann sjálfan, b) að allur kostnaður við að framleiða vöru komi fram í reikningum þess fyrirtækis sem vöruna framleiðir, c) að allir kaupendur og notendur vöru og þjónustu hafi fullkomnar upplýsingar um þá vöru og þá þjónustu sem í boði er og d) að einstakir neytendur og einstakir framleiðendur geti ekki haft áhrif á verðmyndun.

„Við þessar aðstæður gildir fyrsta lögmál velferðarhagfræðinnar um að ekki sé hægt að betrumbæta niðurstöðu markaðarins.“

Við þessar aðstæður gildir fyrsta lögmál velferðarhagfræðinnar um að ekki sé hægt að betrumbæta niðurstöðu markaðarins. Lögmálið segir að hafi maður dósaopnara við hendina noti maður hann til að opna niðursuðudós! Lögmálið segir ekkert um það hvernig maður geti opnað niðursuðudós ef enginn er dósaopnarinn. Nánar er fjallað um lögmál velferðarhagfræðinnar í Hindriks og Myles (2013) og í Basu (2010).

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þeim tíma þegar Kenneth Boulding gerði grín að kollegum sínum með dósaopnarabrandaranum. Í stað þess að gefa sér forsendur sem láta vandamál hverfa hafa hagfræðingar tekist á við erfiðu spurningarnar sem upp koma þegar forsendurnar a) til d) hér að ofan standast ekki. Hagfræðingar sem fást við fjármál hins opinbera, tryggingarhagfræði, eindarhagfræði, heilsuhagfræði og fleiri undirgreinar hagfræðinnar þurfa nú að þekkja og skilja áhrif markaðsbresta á grundvallarsetningar þeirra fræða sem þeir fást við. Það er ekki lengur leyfilegt að gefa sér að maður sé með dósaopnara í hendi þegar enginn slíkur er nálægur!

Markaðsbrestir á tryggingarmarkaði

Zweifel og Breyer (1997) draga fram tvær ástæður þess að (niðurgreiddar) opinberar heilbrigðistryggingar auki almannaheill og almannahag. Ef hrakvalsandi (nánar

skilgreint hér á eftir) er til staðar þarf að skikka alla til að tryggja. Ef notkun eins aðila á heilbrigðisafurð eykur ávinning annarra er niðurgreiðsla hagfelld. Skoðum hrakvalsvandann fyrst: Einstaklingur sem vill kaupa tryggingu gegn heilbrigðisáfalli veit alla jafna meira um eigin heilbrigðisstöðu en tryggingasali. Tryggingasali býður þá tryggingu á verði sem endurspeglar meðaláfallalíkur í samfélaginu. Einstaklingur sem veit að hann er líklegri en meðaljóninn að verða fyrir heilbrigðisáfalli mun hafa hag af því að kaupa þá tryggingu. Einstaklingur sem veit að hann er minna líklegur en meðaljóninn að verða fyrir áfalli hefur ekki hag af því að kaupa.

Á endanum mun tryggingafélagið sitja uppi með tryggingaþega sem eru líklegir til að lenda í áfalli en hinir, sem eru ólíklegir til að lenda í áföllum, tryggja sig ekki! Tryggingafélagið mun neyðast til að hækka iðgjald sitt sí og æ uns mjög fáir tryggingaþegar eru tilbúnir að kaupa tryggingu. Hið opinbera getur skyldað alla til að kaupa tryggingu og þannig barið í bresti markaðarins og jafnframt aukið almenna velferð. Hugum þá að rökum fyrir niðurgreiðslu heilbrigðisþjónustu og heilbrigðistrygginga: Zweifel og Breyer biðja okkur að hugsa okkur samfélag þar sem aðgangur að dýrri lækniþjónustu væri í fyrstu umferð einskorðaður við auðuga einstaklinga með góða greiðslugetu. En hvað með þá snauðu? Zweifel og Breyer benda á að góðgerðafélög muni sinna þeim. Er þá ekki allt sáráagott? Er nokkuð að því að hafa kerfi þar sem þeir auðugu borga sína heilbrigðisþjónustu og fara á góðgerðardansleiki eða leggi góðgerðarfélögum lið með öðrum hætti til að borga fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir hina snauðu? Vandinn felst í að draga þarf markalínu milli þeirra snauðu og þeirra auðugu, þeirra sem eiga að borga fyrir heilbrigðisþjónustu og þeirra sem eiga að fá hana ókeypis hjá góðgerðarfélagi. Setjum sem svo að mörkin séu við 100.000 krónur í mánaðartekjur. Allir sem eru með lægri tekjur fá ókeypis þjónustu, hinir borga. Augljóslega munu þeir sem eru með aðeins meiri tekjur en 100.000 krónur velta fyrir sér hvort ekki sé ávinningur af að vinna aðeins minna og fá ókeypis heilbrigðisþjónustu! Þ.e.a.s.

kerfið yrði vinnuleytandi! Þessi niðurstaða þeirra Zweifel og Breyer gengur þvert á fullyrðingar um að opinberar heilbrigðistryggingar rýri hag meðalmannsins og dragi úr framleiðslu í hagkerfinu. Í dæminu sem hér er sýnt myndu opinberar heilbrigðistryggingar, fjármagnaðar með skattfé, auka vinnuframlag og auka framleiðslu og auka hagsæld.

Neyslutengd ytri áhrif

Bólusetning gegn smitandi sjúkdómi dregur úr eða eyðir líkum á að hinn bólusetti fái þann sjúkdóm sem bóluset er gegn. Greiðsluvilji einstaklingsins endurspeglar áhrif bólusetningarinnar á lífslíkur og frátafir frá vinnu. En með

„Það er ekki lengur leyfilegt að gefa sér að maður sé með dósaopnara í hendi þegar enginn slíkur er nálægur!“

bólusetningunni dregur bólusetti einstaklingurinn úr líkum á að fólk í kringum hann sýkist; hagfræðingar tala um að bólusetningin hafi jákvæð ytri áhrif á velferð annarra þjóðfélagsþegna. Greiðsluvilji þess sem bólusetur sig tekur ekki tillit til þessara ytri áhrifa. Of fáir kaupa bólusetningu. Með því að niðurgreiða bólusetningu getur hið opinbera stuðlað að fjölgun bólusetttra og þar

með dregið enn frekar úr líkum þess að óbólusettir veikist. Ráðstöfun skattfjár til að bólusetja gegn smitsjúkdómum eykur framleiðslu og eykur hagsæld. Sama á við um aðrar tegundir sóttvarna. Einstaklingar taka aðeins tillit til eigin ávinnings þegar útgjöld til sóttvarna eru ákvörðuð.

Óbeinar reykingar eru dæmi um neikvæð ytri áhrif neyslutengdrar starfsemi. Sá sem reykir tekur ekki með í reikninginn þegar hann kaupir sitt tóbak hvort hann valdi þriðja aðila skaða með atferli sínu. Með því að nota skattfé til að vinna gegn reykingum og nota afl löggjafans til að fækka þeim stöðum þar sem reykingar eru leyfðar í fjölmenni má auka framleiðslu og auka hagsæld í þjóðfélaginu.

Dómur reynslunnar

Á mynd 1 eru þau lönd veraldarinnar sem búa við almennar opinberar heilbrigðistryggingar grænlituð. Grænlituð eru

flest öll OECD-ríkin að Bandaríkjunum Norður-Ameríku undanskildum. Við fæðingu getur íbúi OECD-landanna vænst þess að ná 80,1 árs aldri. Nýfæddir íbúar í Bandaríkjunum geta aðeins vænst að ná 78,7 ára aldri en nýfæddur Íslendingur getur vænst þess að ná 82,4 ára aldri samkvæmt yfirliti OECD, (OECD, 2013). Ástæðan er ekki sú að Bandaríkjamenn eyði minna fé til heilbrigðismála á heildina litið en önnur lönd OECD. Þvert á móti. Heildarútgjöld USA til heilbrigðismála nema 17,7% af vergri landsframleiðslu. Samsvarandi tala fyrir meðaltal OECD er 9,3% og 9% fyrir Ísland. Bandaríkjamenn nota um það bil tvöfalt stærri hluta landsframleiðslu sinnar í heilbrigðisútgjöld en aðrar efnaðar þjóðir en ná samt lakari árangri hvað varðar lífslengd en þær. Það eru margar samþættar skýringar á því hversu dýrt bandaríska kerfið er og hversu óskilvirkt það er samanborið við önnur kerfi. Hið opinbera í Bandaríkjunum niðurgreiðir vissulega hluta af heilbrigðisútgjöldum, m.a. með skattaafslætti. En skyldu-tryggingu hefur ekki verið beitt fyrr en nýlega. Ætli stór hluti af skýringunni á meiri skilvirkni heilbrigðisútgjalda í öðrum OECD ríkjum en Bandaríkjunum sé ekki að þau ríki styðjast við kerfi opinberra (að hluta til niðurgreiddra) heilbrigðistrygginga.

Niðurstaða

Ef dósaopnari er ekki til staðar á „eyðieyju“ hagfræðingsins, efnafræðingsins og eðlisfræðingsins verða þeir kumpánar að finna aðra aðferð til að opna niðursuðudósirnar sínar. Það hefur ekkert gildi þar og þá að ímynda sér að maður hafi dósaopnara í höndunum. Það er ekki hægt að opna niðursuðudós með ímyndun. Raunverulega aðgerð þarf til. Sama á við um greiningu á gagnsemi opinberra heilbrigðistrygginga. Sú aðferð að spyrja um hlutverk opinberra heilbrigðistrygginga í ímynduðum heimi fulkominna markaða er ómark, rökleysa, afvegaleiðing. Opinberar heilbrigðistryggingar eru lausn á raunverulegum vanda sem kemur upp í raunverulegum samfélögum. Hér að ofan hafa verið rakin nokkur dæmi um markaðsbresti á heilbrigðissviðinu.

Upptalningin er engan veginn tæmandi. En dæmin sýna að (niðurgreiddar) opinberar heilbrigðistryggingar auka hag almennings í þeim tilvikum þar sem markaðsbrestir eru til staðar.

Tilvitnuð rit:

Basu, K. (2010). Beyond the Invisible Hand. Boston: Princeton University Press.

Boulding, K. (1970). Economics as a Science. New York: McGraw Hill.

Hindriks, J., & Myles, G. (2013). Intermediate Public Economics. Cambridge: MIT Press.

OECD. (2013). Health at a Glance 2013: OECD Indicators. Paris: OECD publishing.

Zweifel, P., & Breyer, F. (1997). Health Economics. New York: Oxford University Press.

2 bitar,
franskar
og gos →

Sjóðheit
máltíð
á aðeins

1.199
kr.



Klassískir og svooo góðir



Kjúklingabitarnir sem Sanders
ofursti **fullkomnaði** árið 1940
og komu KFC á kortið. Klassískir
og standa alltaf fyrir sínu.

Kryddaðir með 11 mismunandi
kryddum og jurtum og steiktir
til **gullinnar** fullkomnunar.
Övöðjafnanleg blanda!

Láttu það eftir bragðlaukunum
að rifja upp **bragðið** sem
heimsbyggðin fær ekki nóg af –
kynslóð fram af kynslóð.



svoogott™

WWW.KFC.IS

ESB með 20 prósenta afslætti

Árni Helgason skrifar um hópaskiptingu þjóðarinnar í afstöðu til samstarfs við ESB

Þegar fréttir bárust af því að makrílviðræðurnar hefðu runnið út í sandinn var þjóðin fljót að skipta sér í þrjá hópa.

Fyrsti hópurinn, þeir sem sjá ESB í hillungum og fyrirlíta íslenska „reisum-áburðarverksmiðju-innan-hafta-kúrinn“, töldu strax að það væri augljóst að ríkisstjórnin hefði algerlega klúðrað málinu og runnið á rassinn með þjóðræknu utanríkisstefnuna sína.

Annar hópurinn er þeir sem fyrirlíta ESB, en sá hópur taldi jafnaugljóst að um samsæri væri að ræða, beint frá Brussel, til þess eins að sparka í Íslendinga.

Þriðji hópurinn skildi ekkert í því hvað hefði gerst. Viðræðurnar höfðu allt í einu runnið út í sandinn og enginn gat skýrt neitt. Af hverju er ekki bara hægt að heyra í ESB og semja um þennan makríl? Loka þessu með einhverju góðu?

Dílafólkið

Þessir þrír hópar endurspegla nokkurn veginn afstöðu

Þjóðarinnar til Evrópusambandsins. Fyrsti hópurinn, sá aðildarsinnaði, er fremur fámennur enda eru Íslendingar almennt ekki hrifnir af alþjóðastofnunum og kommisörunum þar. Að sama skapi er annar hópurinn, „no matter what“ and-stæðingar ESB, nokkuð fjölmennari en getur þó ekki verið öruggur um að vera það fjölmennur að vinna slaginn um aðild þegar þar að kemur. Þriðji hópurinn er þar af leiðandi hópurinn sem ræður ferðinni.

„Sá hópur er að mestu leyti skipaður fólki sem hefur þann dásamlega íslenska eiginleika að vilja alltaf vera að gera díla.“

Sá hópur er að mestu leyti skipaður fólki sem hefur þann dásamlega íslenska eiginleika að vilja alltaf vera að gera díla. Þetta er fólkið sem eyðir stórfé í flug og hótél til Boston um jólin til þess að spara sér einhverjar krónur í fatakaupum í mollunum úti – vill frekar fá mesta afsláttinn en besta verðið.

Þessi viðhorf hafa svo verið yfirfærð á spurninguna um aðild að ESB með frasanum um að fá að „kíkja í pakkann“ og sjá hvort það sé bara ekki hægt að gera þokkalegan díl fyrir Ísland. Ef við fáum góðan díl sláum við til, annars ekki. Kannski svipað og þegar maður fer og skiptir um símafyrirtæki. Þú ferð út í næstu símaverslun, sest hjá einhverjum sprækum afgreiðslumanni og byrjar að prúttu: Fæ ég eina fría mynd á Vöðinu? Græði ég á að fara í Risapakkann ef ég hætti að hringja í mömmu á sunnudögum? Hvað geturðu slegið af iPhone-inum ef ég tryggi þér að ég kem með öll mín viðskipti til ykkar? Svo er málinu lokað með díl og allir massasáttir.

Engin tilboð í ESB

Vandinn er samt að samningar við ESB eru ekki eins og að semja við Nova eða taka þátt í tilboði hjá Hópkaupum. Sá grundvallarmunur er á að ESB hefur engan sérstakan hag eða áhuga á því að fá Ísland inn í sambandið. Það er ekkert mótfallið því en ekkert stressað yfir því heldur. Embættismenn ESB hittast ekki á morgnana í Brussel, lesa Moggann á netinu og nýjasta pistilinn eftir Styrmi á

Evrópuvaktinni og vonast til þess að Íslendingar fari nú að hætta að streitast á móti.

Á Íslandi búa um 320 þúsund íbúar en í aðildarríkjum ESB búa um 508 milljónir, þannig að Ísland er 0,06% af íbúafjölda Evrópu. Svipað hlutfall og 200 manna bær væri á Íslandi. Akrahreppur er dæmi um slíkt bæjarfélag hér á landi; þar bjuggu 195 manns um síðustu áramót og með fullri virðingu fyrir Akrahreppi og öðrum slíkum bæjum eru málefni þeirra ekki það sem stjórnkerfið og þingmenn eru með í huga þegar þeir mæta í vinnuna á morgnana. Og þótt þetta sé auðvitað ekki alveg sanngjarn samanburður eða sambærilegt, þar sem Ísland er ríki með sína hagsmuni en Akrahreppur er bara lítið byggðarlag, er punkturinn sá að það meikar hvorki né breikar fyrir ESB hvort við göngum þar inn. Jafnvel ef ESB horfir bara til þeirra ríkja sem eru nú þegar í aðildarviðræðum við ESB yrði Ísland ekki sérstaklega ofarlega á to do-listanum. Tyrkland, með allar sínar 76 milljónir íbúa, er til dæmis umsóknarríki og aðild þess að ESB er miklu stærra hagsmunamál en nokkurn tíma innganga Íslands.

Göngumst undir kerfið

Viðræður við ESB taka mið af þessu. ESB er ekkert að keyra í gang tilboð eða afslætti til að fá okkur inn heldur þurfum við að sækja það með umsókn um aðild. Viðræður við ESB eru ekki viðræður tveggja félaga sem setjast niður, kasta á milli sín tennisbolta og teikna eitthvað á blað. Viðræður við ESB líkjast því miklu frekar þegar farið er í bankann og skrifað undir samning um lán. Þótt að forminu til riti báðir aðilar undir samning hefur lántakinn aðeins takmarkaða möguleika á að breyta samningnum, hann er jú að taka lán. Vissulega kann að vera hægt að lækka vaxtaþrósentuna aðeins, dreifa greiðslunum öðruvísi og kannski komast í Vildarklúbb bankans en á endanum er samningurinn á forsendum og samkvæmt skilmálum bankans. Og sama á við um aðild að ESB – aðildarþjóðir gangast undir lagakerfi og stofnanir ESB, þótt auðvitað sé hægt að ræða og semja um tímabundnar lausnir um einstaka atriði.

Snýst um stórar breytingar

Og þá er kannski komið að punktinum með þessum pistli. Hann er sá að við verðum að hætta að láta ESB-málið snúast um það hvort við náum besta díl aldarinnar eða ekki. Þetta er ekki þannig mál og við skulum ekki gera okkur væntingar um að þegar aðildarsamningurinn liggur fyrir hringjum við hvert í annað og ræðum um hvaða snilldardíl þessir sjomlar í samninganefndinni hafi verið að loka – 20% afslátt á öllu dæminu ef við kvittum á þetta í dag.

Þannig gengur þetta ekki fyrir sig. Málið snýst um hvort aðild að ESB opni möguleika á breytingum til framtíðar sem okkur sem þjóð hugnast. Eða hugnast ekki.

„Vandinn er samt að samningar við ESB eru ekki eins og að semja við Nova eða taka þátt í tilboði hjá Hópkaupum.“

Gjaldmiðill, tollar og sjávarútvegur

Persónulega finnst mér nokkrir hlutir skipta máli.

Fyrir það fyrsta að við getum tekið upp nýjan og stöðugri gjaldmiðil, evruna, og þá hve langan tíma það tæki.

Í öðru lagi að við getum felld niður og fengið fellda niður á móti tolla gagnvart

rúmlega 500 milljón manna markaði í ESB. Tollvernd hér á landi er ósanngjörn og óhófleg og gerir ekkert nema að hækka vöruverð til neytenda. Því er stundum haldið fram að við gætum alveg eins bara felld niður tolla einhliða sjálf og við þurfum ekki ESB til þess. Vissulega er það fræðilega rétt, sá möguleiki er til staðar en hann er því miður fullkomlega óraunhæfur pólitískt. Hann er svo óraunhæfur að þetta er í raun farið að verða notað sem afsökun og fjarvistarsönnun stjórnmálamanna fyrir því að gera ekki neitt í málinu. Þrátt fyrir allt tal um að við getum nú bara gert helling sjálf í þessu, þá gerist einhverra hluta vegna aldrei neitt í þeim efnum, sama hvort það er vinstri- eða hægristjórn. Það virðist vera einhver pólitísk regla þegar mynduð er ríkisstjórn á Íslandi og búið er að velja ráðherraefnin að sá þjóðlegasti og mest „utan af landi“ í hópnum verði landbúnaðar-ráðherra, þ.e. einhver sem sækir stuðning sinn einkum til

bænda og Bændasamtakanna en á engan hátt til neytenda á höfuðborgarsvæðinu.

Í þriðja lagi skiptir máli hvernig sjávarútveginum reiðir af þegar formlegt ákvörðunartökuvald færist út til ESB. Í því samhengi verður samt að forðast heimsendaspár á borð við þær að ESB muni byrja á að úthluta öllum veiðirétti hér til spænskra togara, eða eitthvað í þá veru. Þarna verður hins vegar að gæta mjög vandlega að hagsmunum okkar.

„Leysum þetta bara sjálf“

Út frá þessum atriðum myndi ég vilja gera málið upp við mig. Og ég get ekki skilið erfiðleikana við það að semja um þessa hluti. Hugsanlega geta þetta verið stórkostlegar breytingar til framtíðar, sem er erfitt að sjá fyrir sér að muni annars verða – kannski ekki, kannski hafnar þjóðin þessu á endanum. En það er svolítið þreytandi til lengdar að heyra alltaf rökin um að við getum nú bara gert heilmikið sjálf og einhliða og þurfum ekkert svona utanaðkomandi batterí til þess. Vandinn er að það gerist ekki neitt á endanum, þó að það kunni að vera þægilegt að lifa í voninni um að einn góðan veðurdag fellum við kannski bara niður tolla sjálf og tökum upp kanadískt Bitcoin í leiðinni.

Það getur ekki talist skynsamlegt að fækka valkostunum þegar við höfum nánast enga góða kosti á okkar hendi.



Rússneski björninn til alls líklegur

Glímukappinn Alexander Karelin er lifandi goðsögn í Rússlandi. Hann er byrjaður að láta til sín taka á stjórnmálasviðinu.

RÚSSLAND

Magnús Halldórsson

🐦 @MaggiHalld

Fáir íþróttamenn í Rússlandi njóta viðlíka lýðhylli og goðsögnin Alexander Karelin. Hann hætti keppni í grísk-rómverskri glímu fyrir fjórtán árum eftir að hafa hlotið silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Sydney eftir dramatíska lokaglímu við Bandaríkjamanninn Rulon Gardner. Tapið hans í glímunni var sögulegt, enda eini ósigur hans í 887 glímum á þrettán ára ferli, frá 1987 til og með árinu 2000. Ástæðan fyrir tapinu í þessum síðasta bardaga var sú að hann tók ólöglegt tak á Gardner, í blálökin á glímunni. Fram að því hafði hann sveiflað honum eins og tuskudúkku og hreinlega gert lítið úr

honum. En reglurnar eru skýrar; ólöglegt tak þýðir sjálfkrafa tap. Í fyrsta skiptið á ferlinum þurfti þetta heljarmenni, sem gekk undir gælunefninu Rússneski björninn á ferli sínum, að sætta sig við silfur. Gardner hljóp um sem óður væri eftir að hafa tekist hið ómögulega; að leggja björninn.

Ógnvekjandi hluti af ímynd Rússlands

Í Rússlandi hafa fleiri nöfn fest við Karelin. Meðal annars hið óvenjulega viðurnefni Tilraunin, þar sem vísað er til þess

að hann sé eins og eitthvert viðundur þegar kemur að líkamsburðum og hafi líklega verið búinn til á tilraunastofu. Þess má geta að Karelin vó 27 merkur við fæðingu. Og svo hið rökrétta Alexander mikli. Karelin er einn af vinum Pútíns og hefur notið góðs af því, nema hvað. Hann er með doktorspróf í íþróttakennslufræðum og hefur unnið sig upp innan stjórnerfðisins sem þingmaður Stavropol-héraðs. Hann á sæti í nefnd um utanríkismál og kemur auk þess reglulega fram með rússneska hernum. Oftast nær eru ljósmyndarar og kvikmyndatökumenn á svæðinu þegar hann birtist.

Hann er sagður standa valdamiklum aðstoðarmönnum Pútíns mjög nærri, þó að hann sé ekki formlega hluti af Sameinuðu

Rússlandi, stjórnmálahreyfingunni sem öllu ræður. Jafnvel er talið líklegt að hann verði orðinn yfirmaður innan hersins áður en langt um líður.

Drepur með augnaráðinu

Karelin var sagður drepa með augnaráðinu áður en bardagarnir byrjuðu. Svo djúp ógnun fylgdi því þegar hann horfði ískaldur á andstæðinga sína. Árangur hans setur hann á spjöld sögunnar sem einn allra mesta afreksmann ólympískra íþróttar. Grísk-rómversk glíma er kannski ekki vinsælasta íþróttin í heiminum en hún á djúpar rætur á

„Í fyrsta skiptið á ferlinum þurfti þetta heljarmenni, sem gekk undir gælunafninu Rússneski björninn á ferli sínum, að sætta sig við silfur.“

Um Alexander Karelin

Fæddur 19. september 1967

- Karelin keppti í þyngsta flokki, í rúmlega 130 kílógramma flokki.
- Hann keppti 887 sinnum og tapaði einu sinni.
- Hann vann þrjú Ólympíugull á ferlinum og varð þrettán sinnum heimsmeistari.



Með eldinn

Karelin var í lykilhlutverki á Ólympíuleikunum í Sotsí. Hér er hann með kyndilinn á setningarhátíðinni.

Mynd: AFP

Ólympíuleikum og er auk þess stunduð víða um heim. Í Bandaríkjunum er hún vinsæl á mennta- og háskólastigi og hafa Bandaríkjamenn ávallt kappkostað að mæta til leiks á Ólympíuleikum með góða keppendur. Árið 1988 í Seúl mætti Karelin til leiks og vann. Hann kastaði andstæðingum sínum eins og dauðum hlutum um gólfíð þangað til hann stóð uppi sem sigurvegari með gullið. Árið 1992 í Barcelona var það sama uppi á teningnum. Yfirburðasigur. Í Atlanta árið 1996 voru yfirburðirnir meiri en áður. Ógnin af Rússneska birninum virtist vera farinn að hafa andleg áhrif á andstæðingana á þessum tímapunkti. Karelin þurfti lítið annað en að mæta, þá var sigurinn unninn. Eftir Ólympíuleikana í Atlanta var ferillinn heldur ekkert venjulegur íþróttamannaferill. Ekkert tap,

bara yfirburðasigrar, í meira en 600 bardögum þegar þarna var komið.


Ímyndin

Heima fyrir í Rússlandi var Karelin orðinn að lifandi goðsögn eftir Ólympíuleikana í Atlanta og var sérstaklega vinsæll innan hersins og meðal þeirra sem héldu um þræðina í hinu



ógnarstóra svarta hagkerfi Austur-Evrópu. Ýmsar sögusagnir gengu um að Karelin stjórnaði hernum sjálfur og væri innundir hjá mafnum ólíkra svæða í þessu stærsta ríki heimsins í fermetrum talið.

Karelin svaraði þessu aldrei og sagði þetta vera ýktar sögusagnir. Hann væri fyrst og fremst „fæddur bardagamaður“.



Handtök í lagi

Karelin var gríðarlega handsterkur og andstæðingar hans komust ekki svo glatt úr klóm hans.

Mynd: AFP

Var eitthvað til í orðróminum?

Eftir að ferli Karelin's lauk eftir „ósigurinn“ árið 2000 leið skammur tími þar hann var sestur við borðið hjá valdamestu mönnum Rússlands. Ólíkt mörgum öðrum virðist Karelin ekki eiga marga óvini. Hver vill verða óvinur gjöreyðingaraflsins? Fyrir vikið hefur framinn verið skjótur á stjórnmálasviðinu, þar sem gríðarlegar vinsældir meðal almennings og valdamanna hafa hjálpað honum til metorða á skömmum tíma. Sumir fjölmiðlar í Rússlandi hafi látið í það skína að ómögulegt sé að ná frama innan stjórnerfðisins jafn hratt og Karelin hefur fengið, nema að hafa góðan stuðning úr svarta hagkerfinu. En það eru lítið annað en sögusagnir.

Karelin, sem er 46 ára gamall, er til alls líklegur á stjórnmálasviðinu á næstu árum og lifir enn góðu lífi sem bardagamaður þó að frægðin sé forn.

Full búð af dásemdum

Vaxtalaus
kortalán til
allt að
12 mánaða.



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-

Smelltu hér



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-

Smelltu hér



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-

Smelltu hér



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Smelltu hér

APPIG

Elsa Nielsen
grafískur hönnuður

„Ég er með iPhone 4s“



ÍSLANDS- BANKI

Einföld og
þægileg

leið til að athuga stöðu
reikninga. Gott að vita
hvort ég eigi fyrir hlutun-
um áður en ég helli mér í
stórinna kaup!



INSTA- GRAM

Skemmti-
legt að

fylgjast myndrænt með
vinum og ættingjum.
Óneitanlega kostur
að geta valið síu til
að minnka bauga og
hrukkur.



NIKE TRAINING

Hægt að
velja margs

konar æfingar sem taka
aðeins 30 mínútur og
myndbönd með hverri
æfingu. Ómissandi þegar
ég kemst ekki í Hreyf-
ingu.

TÆKNI Pono-spilara Neil Young er ætlað að spila alla tónlist í miklu, miklu meiri gæðum

Tónlistargoðsögnin Neil Young hefur unnið að þróun Pono-spilara fyrirtækis síns, PonoMusic, í lengri tíma. Margir voru efins um að hann yrði að veruleika. Þeir þurfa þess ekki lengur. Í síðustu viku ýtti Young úr vör Kickstarter-söfnun vegna verkefnisins og var takmarkið að ná 800 þúsund dölum. Eftir 48 stundir voru komnar 2,5 milljónir dala í kassann. Þessi gríðarlegu viðbrögð hafa því tryggt að Pono-spilarinn mun koma á markaðinn næstkomandi haust.





Innra líf stóra ljóta úlfsins

Suður-afríska kvikmyndin *Of Good Report* hlaut styrk úr Kvikmyndasjóði. Hörmulegir atburðir úr lífi leikstjórans skópu kvikmyndina.

KVIKMYNDIR

Óskar Bragi Stefánsson

🐦 @OskarBragi

Pað gerist ekki oft að kvikmyndir frá öðrum löndum verði að veruleika vegna fjárframlaga úr opinberum íslenskum sjóðum. Hvað þá mynd alla leið frá Suður-Afríku. Það hafði aldrei gerst fyrr en kvikmyndin *Of Good Report* eftir leikstjóran Jahmil X.T. Qubeka hlaut samframleiðslustyrk úr Kvikmyndasjóði Íslands, en Heather Millard hjá Compass Films er íslenskur meðframleiðandi myndarinnar.

Of Good Report er spennumynd. Leikstjórinn lýsir henni sem Rauðhettu og úlfinum, þar sem sagan er sögð frá sjónarhóli úlfsins. Myndin fjallar um samband kennara og

nemanda sem fer úr böndunum. Parker Sithole (leikinn af Mothusi Magano) er fámáll einfari, nýr kennari í afskekktu smáborpi. Hann fellur fyrir Nolitha (leikin af Petronella Tshuma), sextán ára gömlum nemanda sínum. Þessi harm-saga breytist í villta rússíbanareið. Of Good Report er undir miklum áhrifum frá nákvæmnisvinnu Alfred Hitchcock (North by Northwest, Psycho) í sjónrænni frásögn, sögunni Lolita eftir Vladimir Nabokov og sjónvarpsþáttunum Breaking Bad.

Suður-afrísk og íslensk mynd

Hvernig fær suður-afrísk mynd styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands? Þetta er ekki til að hljóta meiri umfjöllun né skot í myrkri. Jahmil X.T. Qubeka tókst einfaldlega að heilla fólk upp úr skónum með einstaklega athyglisverðri mynd.

„Ég hef upplifað kynbundið ofbeldi frá fyrstu hendi. Ofbeldi gegn konum. Í Suður-Afríku er ofbeldi gegn konum því miður með því mesta í heiminum.“

Of Good Report fékk enga opinbera styrki í eigin heimalandi. Eiginkona Qubeka, Lwazi Manzi, lék stórt hlutverk í fjármögnun myndarinnar. „Hún fór og fékk lán, eyddi öllu sparifénu sínu, klikkuð kona,“ segir Qubeka brosandi.

Það fé og stuðningur frá einum öðrum fjárfesti dugði til að taka myndina upp. Eftir að tókum lauk þurfti þó meira til.

Leikstjórinn fór með grófa útgáfu af myndinni til Michael Auret, framleiðanda hjá Spier Films. Síðan kom Heather Millard að sem meðframleiðandi í gegnum sama fyrirtæki en hún rekur, líkt og áður sagði, sitt eigið framleiðslufyrirtæki á Íslandi, Compass Films, í samvinnu við Þórð Braga Jónsson sem einnig er meðframleiðandi myndarinnar.

Veðjað á gæðin

Ég hitti Jahmil X.T. Qubeka ásamt Heather Millard til að spjalla um myndina. Þau höfðu nýlokið fundi með Ara Kristinssyni, sem hafði umsjón með Of Good Report af hálfu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Millard segist strax hafa séð möguleika á þessu sérstæða



Laus við staðlaðar aðferðir

Qubeka er hæfileikaríkur kvikmyndagerðarmaður og segir í kvikmynd sinni *Of Good Report* áhrifamikla sögu á sjónrænan hátt.

samstarfi kvikmyndarinnar og Kvikmyndamiðstöðvarinnar. „Yfirleitt eru styrkir veittir kvikmyndum þar sem Ísland er aðalframleiðsluland eða leikstjóri myndarinnar er íslenskur. Þær myndir sækjast síðan eftir viðbótar framleiðslu-fjármögnun erlendis. Það er minna um að íslenskir sjóðir veiti öðrum sem leita hingað styrki. Orðið á götunni er að það sé erfitt fyrir slíka að fá styrki á Íslandi. Þetta er fyrirkomulag sem er erfitt að réttlæta til lengdar. Ísland tekur og tekur en gefur aldrei neitt á móti í erlenda framleiðslu. Ég hugsaði því með mér að prófa að fá styrk í myndina hans Jahmil. Við vorum ekki að biðja um stóra fjárhæð og mér finnst myndin frábær. Þetta var verkefni sem sjóðurinn átti að styrkja.“

Ari Kristinsson hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands tekur í sama streng. „Það er greinilegt að Jahmil hefur mikla hæfileika til að segja sögu á mjög sjónrænan máta, laus við klisjur eða staðlaðar aðferðir. Tilraunastarfsemi í kvikmyndagerð getur oft verið klúðursleg. En ekki hér.“

Íslandsvinur og Eddie Murphy-aðdáandi

Styrkurinn þótti heldur óvæntur. Hann hefur haft ýmiss konar áhrif og meðal annars aukið sýnileika Kvikmyndamiðstöðvarinnar. Auk þess er Qubeka byrjaður að skoða möguleikann á að flytja hingað til lands, ekki síst vegna persónulegra ástæða: „Sonur minn er albínói, svo að sólin er ekki besti vinur hans,“ segir hann.



Kvikmyndaáhugi Qubeka kviknaði strax í barnæsku. „Ég ólst upp horfandi á myndir eins og Apocalypse Now, The Godfather I og II, Dog Day Afternoon og Easy Rider. Myndir eftir John Huston, The Treasure of Sierra Madre til dæmis. Ótrúlegt en satt þá var Eddie Murphy einhver allra áhrifamesti kvikmyndagerðamaður fyrir blökkumenn á tíma aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku. Ég vona að ég fái einhvern tímann tækifæri til að segja honum hversu mikil hetja hann var fyrir börnin í fátækrahverfum Suður-Afríku.“

Myndir Murphys voru reyndar allar bannaðar í Suður-Afríku og einungis fáanlegar ólöglega á þessum árum. „Í 48 Hours er hann, svartur maður, að lemja hvítan mann. Fyrir mér var hann táknræn hetja andstöðunnar. Í Beverly Hills Cop, Trading Places og öðrum slíkum myndum með þessum háværa, framhleypna blökkumanni sem berst fyrir og eignar sér sinn eigin skika í heimi hvíta mannsins.“



Sonur Tony Montana

Faðir Qubeka var hviklyndur karakter, giftist sjö sinnum og vann fyrir aðskilnaðarstjórnina. Hann sankaði að sér töluverðum auði í skugga eyndar samlanda sinna. „Ég hef alltaf látið föður minn njóta sannmælis fyrir áhuga minn á kvikmyndagerð, því líf hans var ein stór bíómynd. Það var eins og að vera sonur Tony Montana, bókstaflega!“

Jahmil Qubeka telur miklar líkur á því að faðir hans hafi átt þátt í alræmdu fjöldamorði í Lesótó árið 1982. Árið 1993 framdi faðir hans síðan sjálfsmorð sama dag og hann banaði unnustu sinni. Hann var þá 57 ára gamall og hún 23 ára. Premur árum seinna myrti eldri bróðir Jahmils unnustu sína. „Ég hef upplifað kynbundið ofbeldi frá fyrstu hendi. Ofbeldi gegn konum. Í Suður-Afríku er ofbeldi gegn konum því miður með því mesta í heiminum. Það er eitthvað mikið að í samskiptum karla og kvenna þegar karlar vilja leysa ágreining með ofbeldi,“ segir Qubeka.

Þessi mjög svo sorglega reynsla úr fjölskyldusögu Qubeka skilaði sér í persónusköpun Parker Sithole, aðalpersónunnar í Of Good Report. „Ég hef lifað meðal úlfa. Ég skil þankagang þeirra. Ég skil samtölin sem þeir eiga við sjálfa sig til að réttlæta gjörðir sínar. Það heillaði mig og ég hafði alla þessa innsýn svo það var auðvelt að færa hana yfir í myndina. Ég vildi ekki sveipa viðfangsefnið töfraljóma og vildi ekki prédika. Ég vildi bara deila því með almenningi, svo það var mjög geðhreinsandi að búa Parker til.“

Gott gengi erlendis

Of Good Report hefur verið sýnd á fjölda kvikmyndahátíða bæði í Evrópu og í Ameríku. Myndin vann verðlaun á Pan African Film Festival í Los Angeles og er tilnefnd til fjölda verðlauna á South-African Film & Television Awards sem haldin er í næsta mánuði. Þá keppir Of Good Report meðal annars við Mandela: Long Walk to Freedom.

Í apríl verður síðan sérsök sýning á myndinni á Akureyri á vegum kvikmyndaklúbbsins Kvikyndi. Myndin var áður sýnd í Bíó Paradís í janúar síðastliðnum.



Sigurkarl Eiríksson,
aður til heimilis að
Stekkjartúni,
Akureyri.

EKKERT BARN

ÆTTI AÐ VERA

Í FLÓTTAMANNABÚÐUM

Sendu sms-ið **BARN í númerið **1900** og gefðu **1.900 krónur****

Víða um heim búa börn við ómurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Þau þurfa öryggi og skjól – rétt eins og öll börn.

Framlag þitt hjálpar UNICEF að veita flóttabörnum á átakasvæðum lífsmuðsynlega aðstoð.

Hjálpumst að við að gæta að velferð barna í neyð.

UNICEF ber engan kostnað af birtingu þessarar auglýsingar.

unicef 



Kraftaverkin sem virka ekki

Stanslaust er reynt að nýta sér sálarástand bílstjóra til að selja honum skyndilausnir til að minnka eyðslu og kostnað.

BÍLAR
Gísli Sverrisson

Islenskir bíleigendur virðast vera með eldsneytiseyðslu og eldsneytisverð á heilanum. Fólk keyrir bæinn þveran og endilangan til að tryggja sér nokkurra króna afslátt af lítranum og skeytir engu um tímann sem það tekur eða eldsneytið sem það kostar að bregða af leið. Líklega eru Íslendingar ekkert einsdæmi hvað þetta varðar.

Í gegnum tíðina hafa ýmsir misjafnir menn hagnýtt sér þetta sálarástand bílstjórans með því að selja honum „lausnina“ við vandamálum hans, einfalda uppfinningu sem lækkar eyðsluna, eykur kraft og endingu, en

bílaframleiðendur líta ekki við af því að þeir eiga stóran hlut í olíufélögunum og olíufélögin eiga í þeim og þingmenn eru á mála hjá KGB og CIA og sjálfum andskotanum.

Tímaritið **Popular Mechanics** hefur reglulega prófað svona græjur í gegnum tíðina og verður hér fjallað stuttlega um nokkrar þeirra.

Hvirfilhvati

Þetta kraftaverk hefur verið markaðssett undir ýmsum nöfnun í gegnum tíðina, á Íslandi m.a. sem Hiclone, Cyclone og Intake Twister. Hugmyndin er að koma snúningi á loftið sem vélin sagnar til sín og þannig blandist eldsneytið betur í bruna-hólfinu, meira afl og minni eyðsla. Virkar að sjálfsgöðu á allar vélar, bensín og dísil, stórar og litlar.

Hvirfilhvatanum er komið fyrir aftan við loftsíu vélarinnar en svo vandast málið. Loftstraumurinn á eftir að tvístrast í gegnum soggreinina að ventlunum og loks inn í bruna-hólfið. Það þarf enga eðlisfræðikunnáttu til að átta sig á að hvirfillinn er að engu orðinn þegar loftið loks ratar inn í brunahólf. Einu áhrifin sem þetta hefur í raun er að auka mótstöðu loftflæðisins, sem hefur hingað til ekki talist kostur.

PM prófaði tvær gerðir af hvirfilhvötum. Í báðum tilvikum lækkaði hámarksafl um 10%. Í öðru tilvikinu var ekki mælanlegur munur á eyðslu en í hinu var hún 20% meiri.

Vetnisbúnaður

Það er langt síðan vetni var fyrst hagnýtt til að knýja vélar, en raunar er því haldið fram að fyrsti eiginlegi sprengi-hreyfillinn hafi verið knúinn vetni.

Að þessu sinni felst kraftaverkið í því að rafgreina vatn um borð í bílnum og hleypa vetninu sem verður til inn á vélina. Upphaflega átti þetta að vera „ókeypis“ orka og þar af



leiðandi þyrfti minna af bensíni eða dísil til að knýja bílinn áfram. Meðalgreindir menn voru nokkuð fljótir að átta sig á því að það er ekkert til sem heitir „ókeypis“. Til að rafgreina vatnið þarf vélin að framleiða meira rafmagn en ella, en góður bílarafall nær u.þ.b. 50-60% nýtni. Það er jú vélin sem knýr rafalinn og til þess þarf hún eldsneyti til að byrja með.

Kraftaverkamennirnir dóu ekki ráðalausir. Á skömmum



tíma breyttist sannleikurinn og sjálfsprottin orka féll í gleyskunnar dá. Nú var vetnið sokaallaður brunahvati, en sökum þess hversu mikið eldsneyti fer óbrunnið í gegnum vélina myndi vetnið flýta brunanum og auka hann, sem þýddi að minna eldsneyti þyrfti til að knýja bílinn áfram.

Þetta fellur vissulega betur að óhentugum náttúrulegumálum. Þangað til farið er að reikna. Magnið af vetni sem þarf til að hafa mælanleg áhrif er slíkt að ómögulegt væri að framleiða það um borð í bílnum. Þá er alls óvíst að það bæti upp fyrir orkutapið sem rafgreiningin útheimtir.

PM lét þekktan „fagmann“ um að útbúa Honda Accord-bifreið með vetnisbúnaði og greiddi fyrir

rúma 1.800 dali. Prófanir hjá vottuðum aðila leiddu í ljós að eyðslan jókst lítillega þegar búnaðurinn var virkur. Hann gat ekki einu sinni bætt fyrir eigin orkuþörf.

Vetnisbúnaður hefur verið boðinn hér á landi áður, síðast fyrir nokkrum misserum fjallaði mbl.is um búnaðinn og virðist hlutlægni þess miðils hafa boðað veikindi þann daginn. Engu að síður varð lítið úr þeirri [viðskiptaáætlun](#).

Það væri frekja að eyða dýrmætum tíma lesenda í að fara

djúpt í virkni fleiri kraftaverkatóla, en vert er að nefna segul sem „raðar“ kolefniskeðjum í bensíninu á hagkvæmari hátt, jónunartæki sem tengir saman kertaþræði og á óútskýranlegan hátt eykur bruna og „raftúrbínu“, víftu sem á að auka loftflæði til vélarinnar. Þá er óupptalið gríðarlegt úrval af alls kyns bætiefnum sem laga öll mein sem ímyndunaraflíð býður upp á.

„Sannanirnar“ sem væntanlegum kaupendum er boðið upp á eru venjulega reynslusögur annarra kaupenda. Rannsóknir sem sýna ekki fram á neinn sparnað af notkun kraftaverkabúnaðarins eru annaðhvort gallaðar, eiga ekki við eða eru framkvæmdar af einhverjum ógeðslega vondum oliúrisa.

En það virkar samt!

Reynsla kaupenda virðist af einhverjum ástæðum ekki lúta sömu lögmálum og vandaðar rannsóknir. Það er ástæðulaust að efast um alla þá sem segjast hafa náð fram sparnaði með því að fjárfesta í áðurnefndum búnaði. Setjum okkur í þeirra spor:

Ég er á leiðinni út á lífið. Skelli mér fyrst í herra-fata-verslun og dressa mig upp. Lít í spegilinn, er ánægður með kaupin, þó að þau hafi kostað sitt. Svo dembi ég mér á galeiðuna, ánægður með mig. Ég tek eftir því að dömurnar horfa á eftir mér og aðrir karlmenn verða örvæntingarfullir í návist minni. Ég er flottastur á svæðinu, ég veit það bara. Það kostaði að vísu dágóða summu en sannanirnar blasa við.

Það er sumsé gráa gumsið í hattastandinum sem gerir þetta kleift. Bensínfóturinn léttist ómeðvitað þegar athyglin er á eyðslunni. Eyðslan minnkar – í alvörunni! En var ekki óþarfi að létta veskið í leiðinni?

Einfalt er best

Það eru ótal leiðir til að ná fram raunverulegum eldsneytis-sparnaði en þær eru því miður allar frekar leiðinlegar og óspennandi. Reyndar hefur þú ábyggilega heyrt um þær allar áður. Það breytir því ekki að þær virka og kosta þig venjulega engin fjárátlát.



Sparnaðarráð

Trékubbar voru festir undir bensíngjöf pizzasendibíla svo þeir myndu ekki eyða of miklu eldsneyti.

Hjá því verður ekki komist að nefna sögu af flatbökustað í höfuðborginni sem leiddist mjög hár eldsneytiskostnaður við útkeyrslu á pöntunum. Skoðaðar voru nokkrar misjafnlega kostnaðarsamar leiðir en niðurstaðan var nokkuð framúr-stefnuleg; trékubbar voru festir í gólf bílanna, undir bensín-gjöfinni, svo að sendlarnir gátu ekki gefið í botn. Þeir komust þó örugglega sinnar leiðar en eldsneytiskostnaður hríð-lækkaði og tjónum fækkaði að sama skapi. Einfalt er best.

BEINT Í MARK

Auglýsingarnar sem slógu í gegn á samfélagsmiðlum í febrúar




EDEKA Supergeil (með Friedrich Liechtenstein)

Edeka, stærsta matvöruverslanakeðja Þýskalands, notar hér hinn 58 ára gamla Friedrich Liechtenstein á mjög svo athyglisverðan hátt.

Three – #SingItKitty

Að manngera ketti hefur löngum þótt skemmtilegt og áhrifaríkt. Hér endurtekur Three leikinn og býður upp á #SingItKitty í framhaldi af hinni velheppnuðu #DancePonyDance herferð frá því í fyrra.



Myndirðu gefa Jóhannesi jakkann þinn?

SOS-barnaþorpin Noregi

Hjartnæm auglýsing frá Norðmönnum sem beinir kastljósinu að stöðu barna í Sýrlandi.

Þrotugur

Hrafn Jónsson fjallar um yfirvofandi fertugsaldurinn og breytingarnar sem honum fylgja á bæði sál og líkama.

Móðir mín hringdi sem endranær um daginn til þess að yfirheyra mig um hvort ég væri nú ekki kominn með kærustu. Í hvert skipti þarf ég að útskýra fyrir henni að ég sé ennþá piparsveinn sem býr með tveimur öðrum piparsveinum í lítilli piparsveinakjallaraíbúð. Það er sárt að valda foreldrum sínum vonbrigðum. Þessi spurning er samt algjör trújuhestur því að inni í henni býr önnur og myrkari spurning: Hvar eru helvítis barnabörnin? Á einhverjum tímapunkti hætta börnin nefnilega að vera börn í augum foreldra sinna og verða í staðinn vélar til þess gerðar að framleiða fleiri börn.

Tilhugsunin ein veldur mér kvíða. Ég veit ekkert um börn. Ég veit ekkert hvernig á að tala við börn. Ég höndla varla að passa barn lengur en í fimm mínútur því að það eina sem mér dettur í hug að gera er að stara á það þangað til það segir mér að ég líti út eins og vondi kallinn í Lassí eins og gerðist um daginn. Ég get ekki ímyndað mér hræðilegri hlut til að vera.

Fyrst og fremst finnst mér ég ekki vera tilbúinn. Mig skortir alla ábyrgðartilfinningu. Herbergið mitt er eins og

illa skipulagður nytjamarkaður fullur af ósamsettum hús-gögnum, ósamanbrotnum sokkum og óuppteknum kössum með smá dassi af heimilissorpi. Svo hef ég enga sjálfstjórn þegar kemur að fjármálum; er að rúlla þremur mismunandi raðgreiðslusamningum, þar af tveimur fyrir hluti sem ég er búinn að selja til þess að kaupa aðra hluti. Ég sendi líka alltaf skattframtalið mitt án þess að lesa það.

Þetta var allavega minn veruleiki mestallan þrítugsaldurinn, eða þangað til ég vaknaði timbraður í mínum eigin mannlega sorphaug um daginn og fattaði að ég er að verða þrítugur. Réttara sagt verð ég þrítugur á morgun. Vúhú. Til hamingju ég.

„Svo virðist líkams-hárabúskapurinn líka lúta sænskum sjálfbærnissskógræktarsjónarmiðum þar sem fyrir hvert hoggið hár á höfði er tveimur plantað á bak og herðar.“

Það er samt lygi að ég hafi bara óvart munað eftir þessum tímamótum. Í sannleika sagt er ég búinn að vera að panikka yfir því að verða þrítugur síðan ég var tvítugur. Ég hef nefnilega alltaf verið allt of aldursmeðvitaður um afrek annara; Cassius Clay var búinn að vinna titilinn, breyta sér í Muhammed Ali, forðast herþjónustu og tapa titlinum aftur áður en hann varð þrítugur. Steven Spielberg var búinn að leikstýra *Duel* og *Jaws* og skrifa *Close Encounters* áður en hann varð þrítugur. Meira að segja Biggie

Smalls var búinn að vera dauður í sex ár áður en hann varð þrítugur.

Ég veit ekki af hverju þessi nauðaómerkilegu tímamót valda mér hugarangri en ef eitthvað er að marka greinina sem ég las á vefsíðu *Glamour Magazine* þá hrjáir þetta fleiri en bara mig. Ég held að þetta hafi eitthvað að gera með það að horfast í augu við það að vera að komast af líkamlegum hátindi. Vangarnir eru byrjaðir að grána aðeins, nokkrar broshrukkur, nokkrir nýir fæðingablettir sem ég ætti örugglega að láta kíkja á.

Svo virðist líkamshárabúskapurinn líka lúta sænskum sjálfbærnissskógræktarsjónarmiðum þar sem fyrir hvert hoggið hár á höfði er tveimur plantað á bak og herðar. Ég

byrjaði að raka á mér höfuðið átján ára vegna fyrirlitningar á eigin hári sem hafði ágerst með hverri fáránlegu klippingunni á fætur annari í gegnum unglingsárin, sem náði hræðilegu hámarki þegar ég var sextán ára með gelaða hárbrodda, gleraugu og hökutopp í of stórum leðurjakka og hefði ekki getað betlað út sleik á skólaballi. Þrátt fyrir að hafa sjálfur tekið þá ákvörðun að stráfella eigið samfélag hárs syrgi ég í dag að ég geti nú ekki safnað því nema að hluta til baka; að ég fái aldrei að upplifa það að finna síðan ljónsmakka minn flaksast um í vindinum aftan á mótörhjól

eða standandi í stefni á skútu – allavega ekki án þess að sporta sömu greiðslu og Riff Raff í Rocky Horror. Svo sagði mér líka einhver að tennurnar á manni byrjuðu að losna upp úr þrítugu.

„Það er samt lygi að ég hafi bara óvart munað eftir þessum tímamótum. Í sannleika sagt er ég búinn að vera að panikka yfir því að verða þrítugur síðan ég var tvítugur.“

Ætli ég syrgi það ekki mest að hafa eytt mestöllum þessum ætluðu gullárum í það að vera of latur, feitur og óöruggur – en eftir því sem ég hugsa meira út í það finn ég meiri ró í því að líf mitt hefði vafalítið ekki getað verið neitt öðruvísi. Þetta var allt partur af mínu púpunarferli og nú er ég loksins að brjótast út og breiða út vængina eins og háruga, föla og sífellt verr tennta

fiðrildið sem ég er.

Vitur maður, eða bílaauglýsing, sagði mér nefnilega eitt sinn að tíminn væri gagnslaus mælieining nema hann væri að mæla breytingu; tími sem er eytt í tómi er ekki tími sem vert er að minnast. Þannig að þennan morgun í rusla-hrúgunni ákvað ég að hætta að telja niður mínútur og spyrna frekar í botninn. Ég henti öllu rusli, flokkaði alla sokkana mína, skrífaði upp gardínurnar sem ég keypti fyrir hálfu ári og setti meira að segja upp náttljós svo að ég gæti loksins aftur byrjað að lesa mér til gagns eftir um það bil tólf ára hlé.

Ég er ekkert betri í því að vera til núna en ég var fyrir tíu dögum – ég er hins vegar hægt og bítandi að fatta að mér tekst að vera nokkuð mannlegur ef ég geri það einn dag

í einu. Ef ég er ekki að bera mig saman við ókláruð afrek einhverrar kjörútgáfu af sjálfum mér sem aldrei verður til tekst mér að elska sjálfan mig nokkuð skilyrðislaust. Svo er ég líka byrjaður að hlusta svo mikið á Ram Dass í vinnunni; fann æðruleysið á YouTube.

Þannig að kannski er ég ekkert svo fjarri því að vera tilbúinn að eignast barn, svona einn góðan veðurdag. Verst að áralöng farsímanotkun, fartölvunotkun og að sofa við hliðina á allt of heitum ofni hefur að öllum líkindum gert mig ófrjóan.

Á einhverjum tímapunkti breyttist þessi pistill í heimsins verstu einkamálaauglýsingu. Loðni trúðurinn í piparsveinadýflissunni grætur þrjátíu ára gömlum ófrjóum tárur. Til hamingju með afmælið ég.